

Alþingi
Erindi nr. P 132/1074
komudagur 27.2.2006



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 24. febrúar 2006

Varðandi: máli 433 um háskóla.

Álit Bandalags íslenskra námsmanna (BÍSN)

BÍSN fagnar því að verið sé að endurskoða heildarlög um háskóla. Miklar breytingar hafa orðið í háskólasamfélaginu á síðustu árum og því löngu orðið nauðsynlegt að endurskoða löggjöfina, sérstaklega með tilliti til gæðamats og fleiri þátta Bologna – ferlisins.

Athugasemdir við einstaka greinar:

2. gr

Að okkar mati vantar inn að háskólar skulu marka sér umhverfisstefnu og jafnréttisáætlun sem kemur í veg fyrir aðstöðumun vegna kyns, kynþáttar, trúarbragða, uppruna, fötlunar og kynhneigðar. Um þetta skal vera samstarf við samtök nemenda og kennara í viðkomandi háskóla sem og háskólafundar.

3.gr

Það að viðurkenningin feli ekki í sér að stjórnvöld séu skuldbundin til að veita fé til viðkomandi háskóla getur skapað mikið óöryggi fyrir skólana, þrátt fyrir að í VIII kafla sé nánar kveðið á um fjárhagsmálefni háskólanna er þar aðeins gert ráð fyrir að gerður sé samningur til 3 – 5 ára sem er alltof lítt til tími fyrir háskóla til að skipuleggja starfsemi sína að fullu.

15. gr

Vantar inn um skipan háskólaráðs, það er mjög mikilvægt að tekið sé fram í rammalögum um háskóla að nemendur og kennarar eigi sína fulltrúa í háskólaráði. Þetta eru stærstu hagsmunaaðilarnir innan háskólans, sem þekkja að jafnaði alla innviði háskólans og því **nauðsynlegt** að þessir hópar hafi sinn talsmann innan jafn mikilvægs ákvörðunarvalds sem háskólaráð er.

Einnig er það tekið fram í Bologna samþykktinni að nemendur skulu hafa sinn fulltrúa á **ÖLLUM** stigum ákvarðanaavaldsins. BÍSN leggur höfuðáherslu á að þessi liður verði tekinn til skoðunar!

21. gr.

Það eru margar ástæður fyrir því að BÍSN vill ekki að gefin verði heimild fyrir því að innheimta skólagjöld af nemum sem ekki hafa ríkisfang innan Evrópska efnahagssvæðisins:

Fjölmenningarlegt háskólasamfélag

Öll getum við verið sammála um að við lærum mikið af öðrum menningum og menningarheimum. Að vera í skóla með fólki frá mismunandi heimshornum víkkar sjóndeildarhringinn, eykur skilning á ólíkum menningum og veitir manni innsýn inn í ólíkan hugsanahátt. Allt leiðir þetta að betri menntun þar sem fleiri hliðar mála eru skoðaðar.

Eins og staðan er í dag sækja fáir erlendir nemar hingað til lands í nám. BÍSN skorar heldur á stjórnvöld að beita sér fyrir því að fá þessu breytt. Gera aðgengi að námi á Íslandi greiðara fyrir erlendum nemendum og hvetja þá til að koma hingað til lands í nám. Þetta má gera á marga vegu. Hægt er að bjóða upp á styrki fyrir erlenda nemendur eða námslán, auðvelda þeim leit og borgun fyrir húsnæði, bjóða uppá kennslu í íslensku auk náms á ensku og ókeypis skólavist.

Þó við gerum okkur grein fyrir að hver nemandi í skóla kosti samfélagið umtalsverðan pening viljum við um leið benda á að hver einstaklingur í samfélaginu er líka að greiða mikið til samfélagsins. Hann þarf að fæða sig og klæða en öll neysla hans skilar sér margfalt til samfélagsins.

Misrétti

BÍSN telur það lýsa ákveðnu misrétti að láta suma nemendur borga fyrir skólavist en aðra ekki. Þama er verið að brjóta á mannréttindum fólks enda ættu allir menn að vera jafnir óháð þjóðerni.

BÍSN skorar á stjórnvöld að taka heldur fagnandi mót þeim einstaklingum sem sýna landinu og háskólum þess áhuga og koma fram við þá á sama hátt og þeir gera við Íslendinga.

Fordæmisgefandi, innanlands sem utan

BÍSN hefur áhyggjur af því að þessi ákvörðun muni vera fordæmisgefandi. Hér innan lands verða í fyrsta sinn kynnt til sögunnar skólagjöld í ríkisreknum háskólum. Með tilkomu þeirra verður auðveldara að innleiða skólagjöld fyrir alla námsmenn, jafnvel þó lög þessi kveða einungis á um að nemar sem hafa ríkisfang utan Evrópska efnahagssvæðisins skulu greiða slík gjöld óttast BÍSN að einungis sé það tímaspursmál hvenær slík gjöld ná til allra háskólanema.

Á erlendum vettvangi óttumst við að ákvörðunin muni koma niður á íslenskum nemendum sem leita sér þekkingar erlendis. Við teljum að það geti haft áhrif á samkeppnisstöðu þeirra að heimaland þeirra mismuni nemendum eftir þjóðerni. Þannig geti þeim verið mismunað á erlendri grundu.

Eins og áður kom fram er of lítið að erlendum nemendum á Íslandi og þurfum við að gera allt sem í okkar valdi stendur til að sporna gegn því.


Ótal fleiri kosti má telja upp sem fylgja því að greiða aðgang erlendra nemenda að náminu hér. Íslendingar geta skapað sér sambönd og tengslanet sem nær yfir allan heiminn, við getum lært af ólíkum siðum og háttum og jafnvel eignast fræðimenn með mikla þekkingu sem ákveða að setjast hér að og auðga samfélagið um ókomna tíð.

Við erum að missa af miklum tækifærum ef við erum ekki tilbúin að taka á móti menntuðum einstaklingum utan úr heimi.

26. gr

Samstarfsnefnd háskólastigsins er og mun verða mjög öflug vettvangur samstarfs – og samráðs fyrir háskólaumhverfið í heild sinni. Því finnst okkur mikilvægt að nefndin skuli einnig veita umsógn í þeim málum sem aðrir en menntamálaráðherra eða einstakir háskólar vísa þangað, t.d. hagsmunasamtök nemenda.

F.h. BÍSN



Eyrun Jónsdóttir

Framkvæmdastjóri BÍSN

Alþingi
Erindi nr. P 132/1346
komudagur. 15.3.2006

VÍSINDA- OG TÆKNIRÁÐ 14. mars 2006
Menntun og rannsóknir – Forsenda þekkingarsamfélags
Menntun í fremstu röð

Forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson.

Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Góðir gestir.

Menntun og rannsóknir – Forsenda þekkingarsamfélags.

Ég tek heils hugar undir yfirskrift málfings Vísinda – og tækniráðs. Menntun og rannsóknir eru sannarlega forsendur þekkingarsamfélagsins. Og þekkingarsamfélag er forsenda framtíðarvelferðar á Íslandi.

Háskóli Íslands hefur sett sér að vera leiðandi afl í uppbyggingu íslenska þekkingarsamfélagsins. Háskólinn hefur sett sér það að skipa sér í röð 100 bestu háskóla í heiminum innan 10-12 ára.

En af hverju liggur á að komast í fremstu röð, í röð 100 bestu?

Efnahagslegt jafnvægi í heiminum er að breytast. Eðli alþjóðaviðskipta og verslunar er að breytast. Lönd á borð við Ísland byggja ekki framtíðarsamkeppnishæfni sína á lágum framleiðslukostnaði heldur á þekkingu og menntun og hæfni til að beita henni á alþjóðlegum vettvangi. Ástæðan fyrir því að okkur liggur á er að

allar þjóðir stefna að því að auka menntunarstig og þekkingu.

Í löndum eins og Kína og Indlandi, þar sem hagvöxtur er hvað mestur, á sér stað mikil og hröð uppbygging háskólastigsins. Svo dæmi sé tekið, útskrifast nú samanlagt hérumbil 10 sinnum fleiri verkfræðingar í þessum löndum árlega miðað við Bandaríkin. Suður Kórea byggir nú hraðar upp menntun með opinberum fjárframlögum en nokkurt annað land í heiminum.

Á Vesturlöndum er brugðist hart við. Bush stjórnin í Bandaríkjunum hyggst stórauka fjárframlög til vísindastarfs. Stjórn Evrópusambandsins vinnur eftir skýrri stefnu um uppbyggingu þekkingarsamfélags og vill til dæmis byggja upp sterkan Evrópuháskóla til að keppa við bestu skóla Ameríku og Asíu. Finnar hafa tvöfaldað framlag til vísinda- og rannsóknastarfa á einu ári, frá 2005 til 2006.

Þeir sem staldra við á þessari göngu dragast aftur úr. Við Íslendingar höfum sannarlega verið að auka við framlögin undanfarin ár, á því er engin vafi. En við eigum enn töluvert í land að komast í fremstu röð og verðum að herða enn róðurinn ef við ætlum að tryggja áfram stöðu Íslands með lífskjör á heimsmælikvarða. Um það deilir engin. Íslensk stjórnvöld hafa sett fram stefnu um að á Íslandi verði þekkingarsamfélag í fremstu röð árið 2010.

Með því að setja sér ögrandi og djarft, en um leið raunhæft markmið um að komast í hóp 100 bestu háskóla, telur Háskóli Íslands sig best þjóna þessu markmiði og hagsmunum þjóðarinnar.

Markmið Háskóla Íslands er ekki sett fram sem meiningarlaus uppsláttur, heldur að vel íhuguðu máli. Í háskólanum höfum við um nokkuð skeið talað um að komast í "fremstu röð", nú setjum við mælikvarða á hugtakið "fremstu röð". Þegar ég kynnti stefnumótun okkar fyrir menntamálaráðherra, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, fyrr í vetur spurði hún hversu hátt við stefndum og hvað til þyrfti að koma til að Háskóli Íslands gæti skipað sér í hóp þeirra 100 bestu. Þar var djarflega spurt. Við skoðuðum málið í mikilli alvöru og við teljum að háskólinn hafi faglega burði til að sækja að þessu markmiði og eigi tvímælalaust að gera það. Við erum því að byrja viðræður við stjórnvöld um framkvæmd og fjármögnun. Við eigum sameiginlegt markmið að koma Íslandi í fremstu röð. Aðrar Norðurlandþjóðir eiga allar háskóla á þessum lista, sumar fleiri en einn. Þetta kostar vissulega mikla fjármuni en það er fjárfesting sem skilar öruggum vöxtum og byrjar að skila ávöxtun þegar í upphafsáföngum verksins.

Það er einnig mikilvægt að stefnumótun Háskólans kallist á við stefnumótunarvinnu Vísinda- og tækniráðs sem er kynnt hér í dag. Ég vil sérstaklega taka undir mikilvægi þess, að slík stefna nái til allra skólastiga og að áhersla sé lögð á verkmenntun ekki síður en bóklegt nám. Ég tek því heils hugar undir þá sýn sem fram kemur í stefnu Vísinda- og tækniráðs. Ég vil ítreka, að þótt ég leggi mesta áherslu á mikilvægi rannsóknastarfs háskóla í þessu erindi, er ekki síður mikilvægt að tryggja að kennsluþátturinn sé í fremstu röð.

En hvernig er hægt að leggja mælikvarða á þekkingu og menntun?

Hvernig er hægt að sannreyna að skóli sé meðal 100 bestu? Það er vitaskuld ekki til ein einhlít mæling en ég ætla að nefna þann kvarða sem oftast er vísað til. Shanghai listinn, svokallaði er unnin af Shanghai Jiao Tong University, Institute of Higher Education í Kína. Þessi stofnun birtir lista yfir 500 bestu háskóla í heiminum. Röðun þeirra byggir einkum á:

- Birtar vísindagreinar í viðurkenndum alþjóðlegum tímaritum (ISI tímarit)
- Greinar birtar í *Science* og *Nature* tímaritunum

- Starf áhrifamikilla vísindamanna við skólann (highly cited researchers)
- Vísindaverðlaun, þar með talin Nóbelsverðlaun.

Aðrir mikilvægir mælikvarðar eru fjöldi erlendra nemenda, fjöldi erlendra vísindamanna, niðurstöður úttekta, hlutfall kennara / nemenda, árangur nemenda eftir brautskráningu, o.fl.

Á Shanghai listanum eru 7 háskólar á Norðurlöndum,. Þeir hafa fyrst og fremst náð á listann vegna öflugs vísindastarfs og fjölda birtra vísindagreina. Þessir skólar eru

- Karolinska (nr. 45)
- Kaupmannahöfn (nr. 57)
- Uppsala (nr. 60)
- Oslo (nr. 69)
- Helsinki (nr. 76)
- Stokkhólmur (nr. 93)
- Lundur (nr. 99)

Við þurfum að taka okkur til fyrirmyndar hið öfluga vísindastarf og greinaskrif, sem hafa skilað Norðurlandaskólunum jafn langt og raun ber vitni. Það byggir að verulegu leiti á uppbyggingu doktorsnáms sem er tiltölulega nýtt af nálinni við Háskóla Íslands. Sumir hafa undrast að Háskóli Íslands sé ekki á lista yfir 500 bestu háskóla. Því er til að svara, að það

væri í raun óeðlilegt ef við værum nú þegar á listanum í ljósi þess hversu ungt framhaldsnám hjá okkur er.

Í stefnumótunarvinnu sem nú stendur yfir, vinnum við að því að setja tímasett og mælanleg markmið um uppbyggingu á sviðum rannsókna, kennslu, stjórnunar, samskipta, nýsköpunar og þróunar. Þessu fylgir ýtarleg verkáætlun. Fleiri starfsmenn hafa komið að þeirri vinnu en venja er til við slíka stefnumótun og má heita að hver einasti starfsmaður skólans hafi lagt hönd á plóg með einum eða öðrum hætti. Þá höfum við leitað ráðgjafar hjá hagsmunahópum innan og utan skólans. Við höfum skilgreint hvert við viljum sækja, hvernig við ætlum að komast þangað og hvað þurfi til. Miðað við núverandi nemendafjölda þurfa rauntekjur okkar að aukast um 65-70% á næstu 5 árum til þess að við getum náð okkar markmiðum.

Það sem skiptir mestu um árangur er öflug og kraftmikil uppbygging doktorsnáms við skólann og við höfum sett okkur markmið um að fimmfalda fjölda útskrifaðra doktorsnema á fimm árum.

Ein kröftugasta birtingarmynd vísinda innan veggja háskóla verður til þegar saman koma þekkingaþyrstir og kappsfullir doktorsnemar og metnaðarfullir leiðbeinendur. Rannsóknir í tengslum við doktorsnám eru ein meginuppspretta vísindagreina í alþjóðlegum tímaritum. Við

útskrifuðum á síðasta ári 13 doktora frá Háskóla Íslands og stefnum að því að útskrifa 60-65 á ári eftir fimm ár. Þá fyrst getum við borið okkur saman við háskóla af sömu stærð í nágrannalöndunum. Háskóli Íslands er alþjóðlegur háskóli og fylgir alþjóðlegum kröfum um gæði doktorsnáms. Doktorsnemar sem stunda nám við skólann dvelja flestir við erlenda háskóla og vísindastofnanir hluta af námstímanum og kappkostað er að andmælendur við doktorsvarnir komi frá virtum erlendum háskólum.

Mikilvægur hluti af uppbyggingu doktorsnámsis er að tryggja doktorsnemunum laun þannig að þeir geti stundað rannsóknir sínar sem fulla vinnu. Ég fagna því heilshugar auknu fjárframlagi til samkeppnissjóða Vísinda- og tækniráðs. Jafnframt er ljóst að Háskólasjóður Eimskipafélagsins mun styrkja námið verulega og ég vona að Rannsóknánámssjóður eflist umfram það sem nú er.

Þáttur í þeirri stefnu Háskóla Íslands að vera alþjóðlegur háskóli er að hann byggir upp nán tengsl við framúrskarandi háskóla erlendis og hvetur nemendur til að huga einnig að framhaldsnámi að hluta eða öllu leiti þar. Íslenskt samfélag hefur styrkst af því að Íslendingar hafa sótt nám til útlanda og komið heim með margþætta reynslu og þekkingu. Þetta heldur vissulega áfram þótt doktorsnám eflist hér. Íslenskum stúdentum sem sækja háskólanám mun fjölga og íslenskir stúdentar munu halda

áfram að sækja til útlanda í tiltekin verkefni eða greinar sem ekki eru kenndar hér á landi. Þekkingarsamfélagið er í eðli sínu alþjóðlegt og þáttur í þjónustu háskólans við samfélagið hér eru frjó tengsl við þekkingarstofnanir í öðrum löndum.

Fámenn þjóð getur byggt upp þekkingarsamfélag.
Fámenn þjóð getur átt háskóla í fremstu röð, - ef hún setur sér það og fylgir eftir skýrum og ákveðnum markmiðum um hraða uppbyggingu og afburða gæði.

Við gerum það með því að ráða hingað fleiri vísindamenn í fremstu röð, með því að styrkja innviði skólans og aðbúnað starfsins, með auknu samstarfi við aðra háskóla, bæði innlenda og erlenda, og auknu samstarfi við fyrirtæki og stofnanir. Við viljum styrkja og kynna betur þau fræðasvið þar sem afburðaárangri hefur verið náð og fræðasvið sem hafa sérstöðu vegna íslenskrar tungu, menningararfs og náttúru landsins. Við viljum styðja vísindamenn á fleiri fræðasviðum til að ná slíkum árangri. Það kemur okkur í fremstu röð.

En það er vitaskuld ekki nóg að Háskóli Íslands leggi á ráðin og seti markmið. Þessi uppbygging Háskóla Íslands þarf að kallast á við menntastefnu stjórnvalda og verða hluti af henni. Skólinn þarf að gera skýra samninga við stjórnvöld um aukin fjárframlög sem byggja á því að

Háskóli Íslands verði áfram rekinn með hagkvæmasta hætti og að árangur sé á hverjum tíma mælanlegur og samanburðarhæfur.

Góðir gestir,

Þessi mikla og nauðsynlega uppbygging Háskóla Íslands er ferð með fyrirheit. Hún er ferð með fyrirheit um sterkara og öflugra samfélag og sterkara atvinnulíf byggt á þekkingu. Á því byggjum við framtíðarvelferð á Íslandi.

Menntamálanefnd
b.t. Elísabetar R. Andrésdóttur
Nefndasviði Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

27. febrúar 2006

Umsögn Félags háskólakennara og Félags prófessora í Háskóla Íslands um frumvarp til laga um háskóla.
Þingskjal 654, mál nr. 433, lagt fyrir Alþingi á 132 löggjafarþingi árið 2005-2006

Félag háskólakennara (FH) og Félag prófessora í Háskóla Íslands (FP) lýsa í megindráttum ánægju með frumvarpið en vilja koma með eftirfarandi ábendingar um þætti sem þau telja að þurfi að kveða skýrar á um eða færa til betri vegar.

1. Hlutverk háskóla, sbr. 2. gr.

Akademískt frelsi er hornsteinn alþjóðlegs mennta- og vísindasamfélags og samofið hugmyndum um gagnrýna hugsun og vinnubrögð. Akademísku frelsi er skipt í frelsi til kennslu, frelsi til rannsókna og frelsi til tjáningar og birtingar. Það felur í sér að einstaklingar geti leitað þekkingar og tjáð sannfæringu sína án þess að eiga á hættu að það bitni á starfsöryggi þeirra eða öðrum mikilvægum hagsmunum. FH og FP telja að varla sé unnt að fjalla um hlutverk háskólastigsins án þess að geta um akademískt frelsi. Lagt er til að úr þessu verði bætt í 2. gr. frumvarpsins með því að kveða á um þá sameiginlegu skyldu stjórnvalda og háskólastigsins að standa vörð um akademískt frelsi og þær hugmyndir sem þar búa að baki.

2. Gæðamál háskólastigsins, sbr. IV. kafla, einkum 13. og 14. gr.

Eitt mikilvægasta viðmiðið í Bolognaferlinu er að sömu mælikvarðar séu notaðir við mat á gæðum menntunar í Evrópusamfélaginu. Hæfi kennara og kröfur til stúdenta eru þar lykilatriði. Að mati FH og FP er ekki kveðið nægilega skýrt á um það í 13. gr. með hvaða hætti ytra gæðamat háskólastigsins skuli framkvæmt þannig að það standist alþjóðlegan samanburð. Nauðsynlegt er að það komi fram með afdráttarlausum hætti að ytra eftirlit með gæðum starfsemi æðstu menntastofnana á sviði kennslu og rannsókna skuli vera í föstum skorðum og byggjast á alþjóðlegum og hlutlægum mælikvörðum. FH og FP telja einnig mikilvægt að endurskoða orðalag í 14. gr. og kveða skýrar á um að skipulagning og/eða umsýsla ytra mats skuli vera á

höndum óháðs aðila með sérþekkingu á menntastofnunum á háskólastigi og að bæði innlendir og erlendir sérfræðingar á viðkomandi sviði skuli undantekningarlaust fengnir til að annast ytra mat á þeim. Þá má telja eðlilegt að það komi fram með hvaða hætti niðurstöður úttekta af þessu tagi skuli kynntar og gerðar hagsmunaaðilum s.s. nemendum, stjórnvöldum og aðilum atvinnulífs aðgengilegar.


3. Nafngiftir á háskólastigi, sbr. 3. gr.


Mikilvægt er að nafngiftir á háskólastigi hér á landi eigi sér samsvörun í þeim nafngiftum sem notaðar eru erlendis eftir eðli, starfsemi, umfangi og hlutverkum viðkomandi menntastofnunar. Það að nota sömu nafngift yfir allar menntastofnanir á háskólastigi, hvort heldur sem er á íslensku eða erlendum tungumálum, ýtir undir ranghugmyndir og grefur undan trúverðugleika íslenska háskólastigsins. Í ljósi þessa telja félögin það ákvæði 3. gr. ófullnægjandi að menntamálaráðherra skuli setja reglur um erlendar þýðingar á heitum þeirra háskóla sem hann veitir viðurkenningu. Telja verður nauðsynlegt að í lögnum sé að finna skilgreiningu á því hvernig flokka beri íslenskar menntunarstofnanir á háskólastigi þannig að ljóst sé við hvað erlendar þýðingar skuli miða hverju sinni.

4. Gildissvið sbr. 1. gr.

Ekki verður annað ráðið af 1. gr. en að frumvarpið nái eingöngu til þeirra skóla á háskólastigi sem falla nú undir menntamálaráðuneytið og þar með séu landbúnaðarháskólarnir undanskildir. Þetta verður að telja afar óheppilegt og ekki í samræmi við alþjóðlegar samþykktir um viðurkenningu á menntun og hæfi hvað varðar æðsta skólastig í okkar heimshluta.

Virðingarfyllt,


Jóhannes R. Sveinsson,
formaður Félags háskólakennara


Þorsteinn Loftsson,
formaður Félags prófessora í Háskóla Íslands



Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1136
komudagur 3.3.2006

Alþingi
Elísabet Rán Andrésdóttir
nefndarritari
v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. mars 2006
Tilvísun: HI06020044/004

Vísað er til bréfs menntamálanefndar Alþingis, dags. 9. febrúar s.l., þar sem Háskóla Íslands var sent til umsagnar frumvarp til laga um háskóla.

Meðf. er umsögn Háskólans, sem afgreidd var á fundi háskólaráðs fyrr í dag. Vegna röskunar á fundaáætlun háskólaráðs í síðustu viku var farið fram á lengri frest til þess að láta umsögnina í té, og samkvæmt upplýsingum sem aflað var frá nefndarritara mun formaður menntamálanefndar hafa fallist á þá málaleitan.

Virðingarfyllst

Kristín Ingólfssdóttir
rektor

Umsögn Háskóla Íslands um frumvarp til laga um háskóla

Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005-2006, þingskjal 654, 433. mál.

Í þessari umsögn Háskóla Íslands um frumvarp til laga um háskóla er fyrst farið almennum orðum um frumvarpið, síðan eru settar fram athugasemdir við einstakar greinar og í lokin er vikið að nokkrum lagatæknilegum atriðum frumvarpsins sem ætla verður að þingnefnd hlutist til um að farið verði sérstaklega yfir.

Háskóli Íslands fagnar fram lögðu frumvarpi um háskóla og telur það í öllum aðalatriðum vera til mikilla bóta. Efni frumvarpsins er almennt í góðu samræmi við þær áherslur sem Háskóli Íslands hefur sett fram um forsendur háskólastarfsemi á undanförunum árum og þær breytingar sem nauðsynlegt er að gera á umgjörð starfseminnar – að frátöldum fjármálum - í ljósi þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað bæði innan lands og utan. Hér er einkum átt við fjölgun skóla á háskólastigi innanlands og stefnumótun í æðri menntun í Evrópu sem kennd er við Bolognayfirlýsinguna frá 1999 sem Ísland er aðili að og íslenskir háskólar hafa tekið virkan þátt í.

Þess er jafnframt að geta að á undirbúningsstigi þessa frumvarps áttu fulltrúar Háskóla Íslands, í samvinnu við aðra skóla á háskólastigi á vettvangi Samstarfsnefndar háskólastigsins, kost á því að eiga fund með nefnd þeirri er ráðherra fól að endurskoða gildandi rammalög um háskóla. Á fundinum sem haldinn var 21. september 2005 var lagt fram vinnuskjal með frumvarpsdrögum og efni þess kynnt. Samstarfsnefndinni var gefinn kostur á að gera athugasemdir við þau drög og fylgja þær með þessari umsögn, dags. 10. október 2005. [Ath. greinanúmer eru önnur en í frumvarpinu] Samstarfsnefndin hafði áður, með bréfi til menntamálaráðherra, dags. 29. ágúst 2005, komið á framfæri sjónarmiðum sínum um það hvaða efnisatriði hún teldi nauðsynlegt að tekið væri á í endurskoðuðum lögum um háskóla. Bréf þetta fylgir.

Háskóli Íslands telur einkar mikilvægt að í frumvarpinu er sérstaklega tekið á gæðamálum í háskólum, innra og ytra gæðaeftirliti og viðmiðunum, um leið og sjálfstæði háskólanna er virt. Markviss viðleitni til að tryggja gæði menntunar með því að þróa sambærilega mælikvarða og aðferðir er eitt allra mikilvægasta markmið Bolognaferlisins og hefur orðið þungamiðja þess, enda má segja að án þess að tryggt sé að háskólarnir veiti góða menntun er öll viðleitnin í sjálfu sér marklaus. Með þessu markmiði er horft inn á við – til forsendna, eðlis og inntaks - fremur en á hið ytra form og uppbyggingu. Viðmið um gæði menntunar og kröfur til stúdenta og starfsmanna eru forsendur fyrir þeirri getu og kunnáttu stúdenta sem æðri menntun er ætlað að skila. Þetta var áréttað á fundi menntamálaráðherra Bolognaferlisins í Berlín árið 2003, þar sem jafnframt var ákveðið að staðfest aðild að Lissabonsamningnum frá árinu 1997 (sem Ísland er aðili að) um viðurkenningu á menntun og hæfi að því er varðar æðra skólastig á Evrópusvæðinu, væri skilyrði til þátttöku ríkja í Bolognaferlinu. En rauður þráður þess samnings, sem er alþjóðasamningur á vegum Evrópuráðsins og Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO), snýst einmitt um að tryggja góða menntun. Samtök háskóla og stúdenta í Evrópu hafa lagt mjög ríka áherslu á gæðamálin og tryggingu þeirra í Bolognaferlinu. Með frumvarpinu er stigið stórt skref í þessa átt. Enda þótt gert sé ráð fyrir því í lögum um háskóla frá 1997 að hver skóli hafi formlegt gæðakerfi og að menntamálaráðuneytið eigi að hafa eftirlit með því að tryggja gæði – og hafi sett reglur um gæðaeftirlit með háskólakennslu (nr. 666/2003), þá hefur það ekki tryggt gagnsæi og að fyrirkomulag gæðaeftirlits hafi verið fullnægjandi innan háskólanna eða að eftirlitinu hafi verið nægilega sinnt af hálfu stjórnvalda. Háskólinn leggur áherslu á að skil ábyrgðar stjórnvalda og háskóla í gæðamálum séu skýr. Háskólar eru ábyrgir fyrir því veita góða menntun; að hafa eftirlit með og meta gæði starfsemi sinnar á sviði kennslu, rannsókna og stjórnunar. Ytra gæðaeftirlit verður að vera á hendi óháðs aðila, það verður að beinast að stofnuninni í heild og ganga úr skugga um að innra eftirlit og mat sé skilvirkt og þjóni tilgangi sínum. Upplýsingar um viðmið,

mælikvarða og vinnubrögð eiga að liggja fyrir og vera öllum aðgengilegar. Þetta er í fullu samræmi við sjónarmið Samtaka evrópskra háskóla (EUA) og þær áherslur sem ráðherrar menntamála Bolognaferlisins hafa sett á fundum sínum í Berlín í september 2003 og í Bergen í maí 2005, sbr. ákvæði í skýrslu ENQA „Standards and Guidelines for Quality Assurance in the European Higher Education Area“ sem samþykkt var á fundi menntamálaráðherranna í Bergen.

Í frumvarpinu er ekki valin sú leið sem viðtekin er erlendis að gera greinarmun á tegundum skóla á háskólastigi eftir eðli þeirra, starfsemi og hlutverkum. Eðlilegt verður að teljast að slíkur greinarmunur sé gerður berum orðum í rammalöggjöf um íslenska háskólastigið með sömu efnisrökum og tilfærð eru í skýringu við 9. mgr. 3. gr. frumvarpsins fyrir erlendum þýðingum á heitum háskóla. Í öðrum löndum eru gerðar aðrar kröfur um námsframboð, rannsóknir og fræðilega uppbyggingu þeirra stofnana sem kallast universitet og university en annarra “sem t.a.m. nefnast yrkeshögskolar, høgskolar eða distrikthögskolar á öðrum norðurlandamálum” og “university college, community college, regional college eða institute of higher education” á ensku, eins og tilfært er í skýringunni. Íslenskan hefur eitt orð yfir hvort tveggja sem munntamt er orðið, en gera mætti greinarmun t.d. með því að nota hugtökin skóli á háskólastigi annars vegar og háskóli eða rannsóknarháskóli hins vegar. Eða eins og segir í niðurlagi skýringarinnar: “Nafngiftir háskóla, sem viðurkenndir eru af menntamálaráðuneyti, geta því gefið misvísandi hugmyndir um eðli stofnana og þannig dregið úr trúverðugleika hins íslenska háskólakerfis og gildi viðurkenningar menntamálaráðuneytis. Eðlilegt má telja að reglur þær sem settar verða [um erlendar þýðingar] byggist m.a. á því hversu fjölpætt nám er í boði við viðkomandi stofnun, umfangi rannsókna, á hvaða námsstigum veittar eru prófgráður, fjölda kennara og menntun þeirra og fjölda nemenda.”

Á hinn bóginn er til mikilla bóta í frumvarpinu að sett eru samræmd viðmið um hvað talist getur til háskólastarfsemi og hvaða skilyrði þurfi að vera til staðar. Í því efni verður einkum að leggja áherslu á það heildarmarkmið að veita vandaða menntun á grundvelli þriggja viðmiða sem hafa verið hornsteinar háskólastarfs frá öndverðu: Kröfur um undirbúning nemenda, kröfur til menntunar og hæfi kennara og sérfræðinga – og kröfur um vönduð vinnubrögð í innra starfi (við rannsóknir, kennslu og stjórnun). Í dag njóta þessi viðmið alþjóðlegrar viðurkenningar, einkum vegna viðleitni til þess að búa þeim formlega umgjörð undir merkjum gæðastjórnunar (quality assurance). Þannig verður skóli að uppfylla viðeigandi kröfur og skilyrði til þess að geta staðið fyrir háskólamenntun og mun ítarlegri skilyrði til að geta staðið fyrir doktorsnámi.

Háskóli Íslands telur eðlilegt að ákvæði um stjórnskipan háskóla eigi heima í sérlögum eða skipulagsskrám.

Í frumvarpinu er ekki fjallað um starfsskilyrði háskóla og hvaða sjónarmið skuli ráða ákvörðun um fjárveitingar til háskóla sem búa við mismunandi starfsskilyrði. Opinber framlög til háskóla byggjast á sömu forsendum þótt starfsskilyrði þeirra séu ólík. Nauðsynlegt er að leiðrétta þessa skekkju þannig að allir skólar búi við sömu skilyrði og skýrt sé eftir hvaða viðmiðunum fjárstýring til starfsemi þeirra fari. Það gengur ekki öllu lengur að það fé sem skólar hafa til ráðstöfunar til að standa undir kennslukostnaði sé mjög mismunandi eftir rekstrarformi þeirra.

Gildissvið laganna þarf einnig að vera ótvírætt hvað það varðar að háskólar, sem stjórnskipulega falla undir önnur ráðuneyti en menntamálaráðuneyti, lúti efnisreglum þeim sem fram koma í lögum um háskóla. Landbúnaðarháskólarnir falla þannig utan ákvæða frumvarpsins, sbr. 3. gr. Þetta verður að leiðrétta skólanna sjálfra vegna, m.a. með hliðsjón af ákvæðum Lissabonsamningsins um viðurkenningu á menntun og hæfi að því er varðar æðra skólastig á Evrópusvæðinu. Þar er kveðið á um það að stjórnvöld í hverju aðildarríki samningsins tryggi gæði

menntunar og veiti fullnægjandi upplýsingar m.a. um gæði æðri menntunar, aðferðir og viðmið við gæðamatið og þær æðri menntastofnanir sem tilheyra menntakerfi þeirra.

Athugasemdir við einstakar greinar

Hér á eftir eru settar fram nokkrar athugasemdir og tillögur að breyttu orðalagi einstakra greina frumvarpsins, auk efnisatriða og ábendinga sem Háskólinn telur að vinna þurfi frekar.

Um 1. og 3. gr.

Í 1. gr. er tiltekið að lögin taki til skóla sem veita æðri menntun og hlotið hafa viðurkenningu menntamálaráðuneytis. Í 1.mgr. 3. gr. er kveðið á um það að ríkisrekinn háskóli sé ríkisstofnun sem heyri undir menntamálaráðherra nema yfirstjórn hans sé falin öðrum ráðherra að lögum.

Athugasemd: Þetta merkir að landbúnaðarháskólarnir eru utan laganna. Eins og skýrt er hér að framan er þetta á skjön við þær skuldbindingar sem eru í Lissabonsamningnum og sömuleiðis þá sameiginlegu stefnu sem mörkuð hefur verið í Evrópu í Bolognaferlinu, einkum um gæðamál háskóla. Ótvírætt verður að vera, að háskólar sem stjórnskipulega falla undir önnur ráðuneyti en menntamálaráðuneyti, lúti efnisreglum þeim sem fram koma í lögum um háskóla.

Lagt er til að niðurlag 1. mgr. 3. gr. hljóði svo „..., enda lúti þeir efnisreglum þessara laga”.

Á sömu forsendum er einnig bent á að það orkar mjög tvímælis að sá möguleiki sé fyrir hendi, sbr. 1. gr., að hér á landi geti starfað háskólar án þess að hljóta viðurkenningu menntamálaráðuneytis og þar með utan þessara laga. Það getur dregið úr trúverðugleika hins íslenska háskólakerfis og bakað margvíslegan vanda, ekki síst fyrir nemendur.

Í niðurlagi 3. gr. segir: „Menntamálaráðherra skal setja reglur um erlendar þýðingar á heitum þeirra háskóla sem hann veitir viðurkenningu.“ Í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins er þetta m.a. rökstutt með vísan til þess að erlendis sé gerður greinarmunur á heitum skóla háskólastigi í samræmi við eðli þeirra og starfsemi. Sé slíkur greinarmunur ekki gerður í erlendum þýðingum á heiti íslenskra skóla á háskólastigi (og þeir t.d. allir nefndir „university“) geti það „dregið úr trúverðugleika hins íslenska háskólakerfis og gildi viðurkenningar menntamálaráðuneytis.“

Athugasemd: Háskólinn er sammála þessu og þeim rökum sem tilfærð eru í skýringum, að erlendis sé gerður greinarmunur á heitum skóla háskólastigi i samræmi við eðli þeirra og starfsemi. En eins og vikið var að í inngangi er hvorki í lagafrumvarpinu né í skýringunum sett fram skilgreining fyrir flokkun íslenskra skóla á háskólastigi og því þarf að skýra við hvað erlendu þýðingarnar skulu miðast.

Um 2., 3. og 4. gr.

Sjá athugasemd um lagatæknileg atriði hér aftar.

Um 5. gr.

Hér segir í upphafi: „Menntamálaráðherra gefur út formleg viðmið um æðri menntun og prófgráður.“

Athugasemd: Lögð er áhersla á að hin formlegu viðmið verði ákvörðuð í nánú samráði við háskólana og eftir atvikum aðra hagsmunaaðila.

Um 9. gr.

Orða þarf skýrar efnisatriði sem fram koma í 9. gr., einkum hvað varðar lagastoð fyrir sameiginlegum námsleiðum og prófgráðum (3. másl.). Ákvæði um sameiginlegar prófgráður þurfa að vera í samræmi við þá þróun sem á sér stað í Evrópu og víðar, í senn til að tryggja gæði námsins og réttaröryggi stúdenta. Í því efni er í skýringu við greinina eðlilega vísað til viðauka

með Lissabonsamningnum, (Recommendation on the Recognition of Joint Degrees, 9.6.2004). Íslensku háskólarnir hafa allir lagt á það áherslu að fá með lögum heimild til þess að bjóða upp á námsleiðir og veita prófgráður sameiginlega með öðrum háskólum, innlendum sem erlendum. Á það hefur verið bent, fyrst í tillögu samstarfsnefndar háskólastigsins til menntamálaráðuneytis, dags 13. október 2003 og í athugasemdum til nefndar við frumdrög frumvarps, dags. 10. október 2005.

Viðbúið er að skólarnir muni vilja nýta heimildina, m.a. á þann veg að starfrækja sameiginlegar námsstjórnir (e. programme boards) sem annast skipulag námsins, inntöku nemenda og fleiri slíka þætti. Nauðsynlegt er að hafa tryggja lagastoð fyrir því að fela slíkum námsstjórnnum ákvörðunarvald (m.a. um inntöku nemenda), enda er þar um að ræða ytra framsal sem samkvæmt lögætisreglu íslensks réttar er einungis mögulegt á grundvelli lagaheimildar. Í framkvæmd yrði hlutverk námsstjórna i hverju tilviki skilgreint með samningi, sem áskilið er að gerður sé milli hlutaðeigandi háskóla. Þá er og mikilvægt fyrir gildi sameiginlegra prófgráða, að skilyrði fyrir veitingu þeirra séu lögfest og m.a. áskilið að þær njóti fullrar viðurkenningar að landsrétti þeirra erlendu háskóla sem í hlut kunna að eiga.

Lagt er til að eftirfarandi bætist við ákvæði 9. gr.:

Eftirfarandi skilyrði eru fyrir sameiginlegum námsleiðum og prófgráðum:

1. Gera skal samning milli hlutaðeigandi háskóla um inntak og fyrirkomulag námsins, aðgang nemenda að náminu og útgáfu skilríkja til staðfestingar prófgráðunni.
2. Prófgráða sem veitt er sameiginlega með erlendum háskóla skal viðurkennd skv. ákvæðum 7. gr. og viðurkennd að landsrétti þeirra erlendu háskóla sem í hlut eiga.
3. Þegar skipulagt er nám til sameiginlegrar prófgráðu skal tryggt, svo sem kostur er, að slíkt fyrirkomulag við veitingu gráðunnar sé ekki hindrun gagnvart möguleikum nemenda til þess að afla sér starfsréttinda sem náminu kunna að tengjast.

Heimild skv. 2. mgr. gildir i grunnnámi, meistaranámi og doktorsnámi. Háskólar sem vilja nýta sér heimild til veitingar sameiginlegrar prófgráðu skulu standa saman að því að móta námið frá byrjun og rannsóknir sem því tengjast og geta i því skyni framselt heimildir sínar skv. þessum lögum eða sérlögum sem um þá gilda til sameiginlegra námsnefnda sem jafnframt er þá heimilt að annast inntöku í námið og fyrirlögn prófa. Reglur skv. 3. tölul. 5. gr. gilda eftir því sem við á um ákvarðanir slíkra sameiginlegra nefnda.

Um 11. gr.

Í upphafi greinarinnar er í fimm liðum lýst markmiðum eftirlits með gæðum kennslu og rannsókna í háskólum.

Athugasemd: Hér kemur til álita að bæta við sem sjötta markmiði að nemendur, vinnuveitendur, stjórnvöld og aðrir hagsmunaaðilar hafi aðgang að hlutlægum og áreiðanlegum upplýsingum um gæði þess náms sem í boði er.

Um 13. gr.

Hér segir m.a.: „Menntamálaráðherra ákveður hvenær ytra mat á gæðum kennslu og rannsókna fer fram og gerir áætlanir um slíkt mat til þriggja ára.“

Athugasemd: Háskóli Íslands hefur ítrekað bent á að til þess að ytri úttektir þjóni markmiði sínu sé nauðsynlegt að þær fari fram með reglubundnum hætti, svo hægt sé að mæla og meta árangur, þróun og framfarir. Er þetta í samræmi við ákvæði í skýrslu ENQA „Standards and Guidelines for Quality Assurance in the European Higher Education Area“ sem samþykkt var á fundi menntamálaráðherra Bolognaferlisins í Bergen vorið 2005 og gert er ráð fyrir að verði komin til framkvæmdar m.a. hér á landi árið 2007. Svo vitnað sé beint í texta skýrslunnar: „Periodic reviews: External quality assurance of institutions and/or programmes should be undertaken on a cyclical basis. The length of the cycle and the review procedures to be used should be clearly defined and published in advance.“ Í skýringartexta með þessu ákvæði segir: „Quality assurance

is not a static but a dynamic process. It should be continuous and not 'once in a lifetime'. It does not end with the first review or with the completion of the formal follow-up procedure. It has to be periodically renewed. Subsequent external reviews should take into account progress that has been made since the previous event." Á sama stað segir í skýrslunni: „Periodic reviews: External quality assurance of institutions and/or programmes should be undertaken on a cyclical basis. The length of the cycle (...) should be clearly defined and published in advance.“ (bls. 7 og 22). Ljóst er að áætlanir til þriggja ára eru ófullnægjandi og tryggja ekki markmið ENQA-skýrslunnar. Í lok 13. gr. segir enn fremur: „Matsskýrslur, sem unnar eru samkvæmt lögum þessum, skulu birtar, auk greinargerðar um hvernig viðkomandi háskóli hyggst bregðast við niðurstöðum matsins.“ Hér vantar allar upplýsingar um hvernig háttað er eftirfylgni með niðurstöðum ytra mats. Hver metur hvort greinargerð háskóla um viðbrögð við niðurstöðum mats sé fullnægjandi? Til hvaða úrræða getur menntamálaráðuneytið gripið ef það telur greinargerðina ófullnægjandi? Í framangreindri skýrslu ENQA er mikil áhersla lögð á eftirfylgniþáttinn og að hann sé skýrt skilgreindur *áður* en ytra mat fer fram.

Um 14. gr.

Hér segir m.a.: „Menntamálaráðherra getur falið nefnd, stofnun, fyrirtæki eða öðrum til þess bærum aðilum, innlendum eða erlendum, að annast almenna umsýslu með ytra mati á kennslu og rannsóknnum. Framkvæmd ytra mats skal falin óháðum aðila. Að því mati skulu að jafnaði koma bæði innlendir og erlendir sérfræðingar og fulltrúi nemenda.“

Athugasemd: Nauðsynlegt er að skýrt sé hvað átt er við með „almennri umsýslu“ og hver verkaskiptingin er á milli menntamálaráðuneytis, aðilans sem fer með hina almennu umsýslu og aðilanna sem framkvæma matið. Brýnt er að óháður aðili – í senn óháður ráðuneyti og háskólum – með fagþekkingu á starfsemi háskóla framkvæmi matið og samfella náist fram. Í reynd hefur þetta verið þannig að ólíkum aðilum hefur verið falið að annast mat hverju sinni sem er óheppilegt, m.a. vegna þess að þessir aðilar (sérfræðingahópar, ráðgjafafyrirtæki, endurskoðunarfyrirtæki) eru afskaplega misvel til þess fallnir að sinna þessu hlutverki. Háskóli Íslands hefur ítekað haldið þeirri skoðun á lofti að framkvæmd ytra mats og eftirlits með gæðum háskólastarfs skuli vera á höndum óháðs aðila sem óumdeilanlega hafi faglega þekkingu á starfsemi og málefnum háskóla. Er þetta í samræmi við alþjóðlega venju, sbr. ákvæði skýrslu ENQA: „Independence: Agencies should be independent to the extent both that they have autonomous responsibility for their operations and that the conclusions and recommendations made in their reports cannot be influenced by third parties such as higher education institutions, ministries or other stakeholders.“ (bls. 8)

Þá er það mat Háskólans að kveða þurfi með skýrari hætti á um hvernig háttað er skipan ytri matshóps. Í frumvarpstextanum segir aðeins að í honum skuli vera „bæði innlendir og erlendir“ aðilar. Í 4. gr. c reglna um gæðaeftirlit með háskólakennslu nr. 666/2003 er nánar kveðið á um þetta, en þar segir: „Að minnsta kosti einn í hópnum skal vera starfandi erlendis“. Ljóst er að með þessu móti er hugsanlegt að allir aðilar í ytri matshópi geti verið Íslendingar. Háskóli Íslands tekur í starfsemi sinni mið af alþjóðlegum gæðaviðmiðum. Mikilvægur þáttur í þessu er að tryggja að a.m.k. helmingur þeirra sem skipa ytri matshóp séu erlendir sérfræðingar með viðtæka reynslu á því (fag)sviði sem úttektin tekur til. Þá er lagt til að kveðið verði á um að formaður ytri matshóps skuli vera erlendir sérfræðingur á viðkomandi (fag)sviði sem jafnframt býr yfir viðtækri stjórnumarreynslu.

Um 16. gr.

Í greininni er ákvæði um að halda skuli háskólafund a.m.k. einu sinni á ári í hverjum háskóla. Með lögnum um Háskóla Íslands nr. 41/1999 var fyrst kveðið á um háskólafund, sem er formlegur vettvangur samráðs og stefnumótunar helstu hagsmunaaðila háskólasamfélagsins, deilda, stofnana, starfsfólks og stúdenta Háskólans. Fundurinn er að jafnaði haldinn einu sinni á misseri

og hefur reynst mjög vel. Hann hefur mótað vísinda- og menntastefnu Háskólans auk stefnu í mörgum málaflokkum, s.s. jafnréttismálum, starfsmannamálum, málefnum fatlaðra o.fl. Þá veitir fundurinn háskólaráði umsagnir um margvísleg málefni lögum samkvæmt. Nefna má að stundum hefur verið bent á að heiti fundarins eigi fremur að vera *háskólaþing*.

Um 18. gr.

Í 2. mgr. 18. gr. er kveðið á um hæfi þeirra sem skipaðir eru í dómnefndir til að meta hæfi prófessora, dósentna, lektora og sérfræðinga. Gera verður þá kröfu að þeir sem skipaðir eru í dómnefnd hafi undantekningarlaust sama eða meira hæfi en umsækjendur sem um er fjallað hverju sinni. Sjá einnig athugasemdir um lagatæknileg atriði hér aftar.

Um 19. gr.

Lagt er til að ný málsgrein bætist við sem 5. mgr. sem kveði á um réttindi fatlaðra nemenda til þess að njóta aðstoðar í háskólanámi. Hafa má hliðsjón af 19. gr. laga nr. 80/1996, um framhaldsskóla í þessu sambandi, en einnig þarf að koma fram að fé verði veitt sérstaklega til þessa þáttar. Um 350 nemendur í Háskóla Íslands njóta nú sérstakra úrræða í námi vegna fötlunar án þess að nokkur sérstök fjárveiting komi þar til. Viðbótarkostnaður vegna þessa á árinu 2005 var 9.6 m.kr. og fyrirséð að hann verður mun hærri á þessu ári. Ekki þarf að skýra út fyrir Alþingi ávinning náms og rétt fatlaðra til náms, en gera verður Háskólanum kleift að koma til við móts við þarfir þeirra eins og frekast er kostur.

Um 20. gr.

Skilgreina þarf hlutverk áfrýjunarnefndar þannig að tryggt sé að hún hlutist ekki til um málefni sem alfarið verða að vera á hendi háskólanna, eðli máls samkvæmt. Þá er bent á að í 4. mgr. 20. gr. frumvarpsins er tekið upp orðalag úr reglum nr. 73/1999, sem í framkvæmd hefur valdið nokkrum vafa vegna óskýrleika. Nánar er vikið að því efni í athugasemd um lagatæknileg atriði hér aftar (tölulið 5).

Lagt er til að 20. gr. frumvarpsins orðist svo:

Menntamálaráðherra skipar áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema sem í eiga sæti þrjú menn skipaðir til tveggja ára í senn; einn tilnefndur af samstarfsnefnd háskólastigsins, einn tilnefndur sameiginlega af samtökum háskólanema og einn skipaður án tilnefningar og er hann formaður nefndarinnar. Skulu þeir allir uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara. Varamenn eru skipaðir með sama hætti.

Um málskot til áfrýjunarnefndar gilda ákvæði VII. kafla stjórnarsýslulaga. Máli háskólanema verður þannig ekki skotið til nefndarinnar nema fyrir liggja endanleg ákvörðun háskóla um rétt eða skyldu nemandans. Þó er nemandi heimilt að bera undir nefndina hvort málsmeðferð háskóla á skriflegu erindi hans hafi verið í samræmi við lög og góða stjórnarsýsluhætti, og skal nefndin þá veita álit sitt um það efni.

Áfrýjunarnefndin endurmetur ekki prófurlausnir eða faglega niðurstöðu kennara, dómnefnda eða prófdómara.

Úrskurðir áfrýjunarnefndar eru endanlegir á stjórnarsýslustigi og verður þeim ekki skotið til ráðherra.

Menntamálaráðherra er heimilt að setja nánari reglur um störf áfrýjunarnefndar.

Um lagatæknileg atriði frumvarpsins

Miklar og vaxandi kröfur eru gerðar til skýrleika lagaákvæða sem varða samfélagsleg verkefni, einkum og sér í lagi þá starfsemi sem ríkið hefur með höndum.

Á síðast liðnum árum hafa ríkisháskólarnir margsinnis haft tilefni til þess að vekja athygli stjórnvalda á því að ýmis lagaákvæði sem varða starfsemi skólanna, bæði í gildandi rammalögum um háskóla og sérlögum um þá, eru alls ekki jafn skýr og æskilegt væri. Mikilvægt er að hafa

Þetta í huga við setningu endurskoðaðra rammalaga og gæta þess að einföld lagatæknileg atriði valdi ekki ófyrirséðri röskun í framkvæmd eða mismuni í reynd þeim aðilum sem fara eiga eftir lögunum.

Í þessu sambandi er bent á eftirfarandi atriði:

1. Ákvæði um akademískt frelsi háskólanna (fyrri málsliður 3. mgr. 2. gr.)

Rannsóknafrelsi og sjálfstæði í fræðilegu tilliti eru grundvallaratriði í háskólastarfi sem mikilvægt er tryggja með lögum. Öyggjandi verður að vera að háskólum verði hvorki gefin fyrirmæli af hálfu stjórnvalda né hagsmunaaðila, um viðfangsefni, aðferðir og efnistöð við kennslu og rannsóknir. Það er óheppilegt að í frumvarpinu er þessu mikilvæga atriði lýst á þann veg að háskólar hafi „sjálfdámi“ um starfsemi sína, enda er hefð fyrir allt annarri merkingu þess orðs í íslensku lagamáli. Þá er það án efa til þess fallið að skýra ákvæðið ef atriði sem nú koma fram í skýringum með því eru færð í sjálfan lagatextann.

Lagt er til að í stað fyrri másl. 3. mgr. 2. gr. komi tveir málsliðir svohljóðandi:

Háskólar ráða sjálfir málefnum sem þeim eru falin lögum samkvæmt. Þeim ber að standa vörð um akademískt frelsi og þeim verða ekki gefin bindandi fyrirmæli af hálfu stjórnvalda eða hagsmunaaðila um viðfangsefni, aðferðir og efnistöð við kennslu, rannsóknir, þekkingarleit eða sköpun.

2. Ákvæði um siðareglur og siðanefndir (seinni málsliður 3. mgr. 2. gr.)

Nauðsynlegt er að lög kveði á um skyldu háskóla til að skrá siðareglur og heimild til að starfrækja siðanefndir sem fylgi slíkum reglum eftir. Í því sambandi þarf að vera ljóst að heimildin taki til hvors tveggja: siðanefnda sem ætlað er að fjalla um meint brot á siðareglum sem og vísindasiðanefnda sem ætlað er að fjalla um það hvort vísindaleg og siðfræðileg sjónarmið mæli gegn framkvæmd rannsóknar vegna eðlis viðfangsefnisins. Hafa ber hér í huga að gildandi lagaákvæði mæla einungis fyrir um vísindasiðanefndir á heilbrigðisviði, en fyrir liggur að siðfræðileg sjónarmið geta komið upp við rannsóknir á öðrum fræðasviðum svo sem innan félagsvísinda. Í samræmi við sjálfstæði háskólanna í fræðilegu tilliti er rétt að fela þeim úrlausn slíkra mála.

Lagt er til að í stað seinni másl. 3. mgr. 2. gr. komi tveir málsliðir svohljóðandi: Hver háskóli skal skrá þær siðareglur sem farið er eftir í starfsemi skólans. Háskóla er enn fremur heimilt að setja á stofn vísindasiðanefndir og nefndir sem ætlað er að fjalla um meint brot á siðareglum.

3. Réttaráhrif viðurkenningar (3. og 4. gr.)

Í frumvarpinu er hugtakið „viðurkenning“ notað í tvenns konar merkingu sem ætlað er að hafa ólík réttaráhrif. Annars vegar er um að ræða grunnviðurkenningu á starfsemi háskóla, en hins vegar viðurkenningu sem er bundin við tiltekin fræðasvið. Grunnviðurkenning skv. frumvarpinu samsvarar því veitingu starfsleyfis skv. gildandi lögum, en í viðurkenning á fræðasviðum nær í raun til einstakra námsleiða og prófgráða og felur í sér staðfestingu á því að tiltekið nám falli innan starfsleyfis viðkomandi háskóla og að skólinn hafi faglegar forsendur til þess að sinna kennslu og/eða rannsóknum á því fræðasviði.

Telja verður að það sé óheppilegt að nota hugtakið „viðurkenning“ um tvö aðskilin atriði sem augljóslega er ætlað að hafa ólík réttaráhrif. Benda má til dæmis á að grunnviðurkenning af hálfu stjórnvalda er meðal mikilvægustu réttinda sem háskóli nýtur. Réttindi af því tagi verða hvorki afturkölluð (sbr. 4. gr. frumvarpsins) án þess að fylgt sé lögbundinni málsmeðferð né er hægt að líta svo á að slík réttindi falli sjálfkrafa úr gildi eins og 7. mgr. 3. gr. gerir ráð fyrir.

Lagt er til að áfram verði notast við hugtakið „starfsleyfi“ um grunnviðurkenningu háskóla.

Hugtakið „viðurkenning“ í skilningi laganna verði bundið við fræðasvið (námsleiðir og prófgráður). Þannig sé starfsleyfi háskóla afturkallað ef skólinn uppfyllir ekki þau skilyrði sem greinir í liðum a – í 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Viðurkenning er hins vegar felld úr gildi ef í ljós

kemur að háskóli hafi ekki (lengur) faglegar forsendur til þess að stunda kennslu eða rannsóknir á tilteknu fræðasviði.

4. Hæfisskilyrði háskólakennara (2. másl. 1. mgr. 18. gr.)

Samkvæmt 18. gr. frumvarpsins skulu þeir sem bera starfsheiti skv. 17. gr. frumvarpsins hafa lokið meistaraþrófi hið minnsta eða hafa jafngilda þekkingu og reynslu að mati dómnefndar. Starfsheitið „aðjúnkt“ er meðal þeirra starfsheita sem talin eru upp í 17. gr. og virðist samkvæmt því áformað að ráðning í það starfsheiti eigi að vera háð hæfismati dómnefndar.

Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því að samkvæmt gildandi sérlögum um ríkisháskólana, er ekki gert ráð fyrir að dómnefnd meti hæfi umsækjenda um störf aðjúnkta eða að þeir skuli hafa lokið meistaraþrófi hið minnsta. Í sérlögum um Háskóla Íslands segir enn fremur að aðjúnktar skuli ráðnir til starfa af deildarforsetum en ekki rektor eins og gildir um prófessora, dósentana og lektora. Enda þótt hér sé ekki um árekstur lagaákvæða að ræða, þar sem sérlög ganga frammar almennum lögum, er þessi tilvísun milli ákvæða óskýr og óheppileg sérstaklega þar sem hæfisskilyrði kennara eru meðal mikilvægustu atriða í starfi háskóla.

Lagt er til að í 2. másl. 1. mgr. 18. gr. komi skýr upptalning þeirra starfsheita þar sem sett eru eftirfarandi skilyrði fyrir ráðningu:

- a) að meirihluti dómnefndar hafi komist að þeirri niðurstöðu að viðkomandi sé hæfur til þess að gegna starfinu og
- b) að viðkomandi hafi lokið meistaraþrófi hið minnsta eða hafi jafngilda þekkingu og reynslu að mati dómnefndar.

5. Kæruleiðir innan háskóla (4. mgr. 20. gr.)

Í 4. mgr. 20. gr. frumvarpsins er sem fyrr greinir tekið upp orðalag úr reglum nr. 73/1999, sem í framkvæmd hefur valdið nokkrum vafa vegna óskýrleika. Er þá átt við hvort líta beri á það sem stjórnsýslukæru, ef óskað er eftir endurskoðun innan háskóla á máli einstaks nemanda. Þetta atriði getur skipt máli enda gilda ströng ákvæði um stjórnsýslukæru, sbr. VII. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Hafa ber þar einnig í huga að stundum getur leikið vafi á því hvort mál snúi að formlegri ákvörðun háskóladeilar eða kvörtun yfir venjubundinni framkvæmd kennslu og prófa.

Að mati Páls Hreinssonar lagaprófessors standa ekki rök til þess að líta svo á að um sé að ræða stjórnsýslukæru, þótt nemandi láti reyna á ákvörðun eða framkvæmd háskóladeildar með því að bera hana undir rektor eða háskólaráð. Fremur sé þar um að ræða endurskoðun ákvörðunar eða framkvæmdar innan stofnunar. Í ljósi þess virðist rétt að endurskoða umrætt orðalag ákvæðisins, eins og lagt er til í athugasemd hér að framan.

Þá er rétt að ákvæðið taki af skarið um að um málskot til áfrýjunarnefndarinnar fari samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga um stjórnsýslukæru, en þar er lögfestur þriggja mánaða kærufrestur.

Menntamálaráðuneytið
Guðmundur Árnason ráðuneytisstjóri
Sölvhólsgötu 4

150 Reykjavík

TRÚNAÐARMÁL HÁSKÓLI ÍSLANDS

Bréfalykill:	035	Ábnt:	
Fylgiskjöl:			
Móttækid:	19 OKT. 2005		
Málsnúmer:	MÍ 05050063		

Reykjavík, 10. október 2005


Vísað er til fundar samstarfsnefndar háskólastigsins sem ráðuneytisstjóri menntamála-ráðuneytis boðaði til með nefnd þeirri er ráðherra hefur falið að endurskoða gildandi rammalög um háskóla. Á fundinum sem haldinn var 21. september sl. var lagt fram vinnuskjal með frumvarpsdrögum (merkt „Í vinnslu/sept.“) og efni þess kynnt. Fram kom á þeim fundi að samstarfsnefndinni væri gefinn kostur á að koma með athugasemdir við drögin fyrir 7. október, en gert er ráð fyrir að þegar fullbúið frumvarp kemur til umfjöllunar á Alþingi muni það verða sent nefndinni til umsagnar sem og einstökum háskólum. Fram kom að á þessu stigi málsins eru frumvarpsdrögin trúnaðarmál.

Samstarfsnefndin þakkar fyrir að fá tækifæri til að koma að athugasemdum við frumvarpið á undirbúningsstigi þess. Þá telur nefndin mikilvægt að fyrirliggjandi frumvarpsdrög eru almennt í góðu samræmi við þær áherslur sem nefndin kom á framfæri við menntamálaráðherra með bréfi dags. 29. ágúst 2005. Þó eru nokkur atriði sem æskilegt er að vinna frekar áður en frumvarpið verður lagt fram.

Í meðfylgjandi skjali eru settar fram tillögur að breyttu orðalagi einstakra greina frumvarpsdraganna, auk efnisatriða og ábendinga sem samstarfsnefndin er sammála um og telur að vinna þurfi frekar.

Eðli máls samkvæmt áskilur samstarfsnefndin sér að koma að athugasemdum á síðari stigum. Hið sama gildir um hvern háskóla fyrir sig.

Virðingarfyllt
fyrir hönd samstarfsnefndarinnar



Þóráður Kristinsson

Athugasemdir við frumdrög að frumvarpi til laga um háskóla merkt „Í vinnslu/sept“

I. Tillögur að breyttu orðalagi einstakra greina

Fyrsti kafli fái heitið „Markmið og gildissvið“

1. gr.

1. gr. orðist svo:

Lögum þessum er ætlað að skapa íslenskum háskólum sem best skilyrði til þess að afla nýrrar þekkingar, skapa, varðveita og miðla þekkingu á sviði vísinda, fræða og lista. Háskóli er miðstöð þekkingar og hluti af alþjóðlegu mennta- og vísindasamfélagi. Starf háskóla miðar að því að styrkja innviði íslensks samfélags og stöðu þess í alþjóðlegu tilliti.

Lög þessi taka til skóla sem veita æðri menntun sem leiðir til prófgráðu á háskólastigi á grundvelli viðurkenningar menntamálaráðuneytis sem veitt er að uppfylltum þeim skilyrðum sem fram koma í III. kafla.

2. gr.

3. másl. 1. mgr. flytjist ásamt viðbót í 1. gr. (sbr. hér að framan)

og

3. mgr. orðist svo:

Háskólar ráða sjálfir málefnum sem þeim eru falin lögum samkvæmt. Þeim ber að standa vörð um akademískt frelsi og þeim verða ekki gefin bindandi fyrirsmæli af hálfu stjórnvalda eða hagsmunaaðila um viðfangsefni, aðferðir og efnistöðir við kennslu, rannsóknir, þekkingarleit eða sköpun.

III. kafli fái heitið „Starfsleyfi háskóla“

4. gr.

2. mgr. fari út.

5. gr.

Fyrsti másl. 4. mgr. falli brott.

og

Orðið „starfsþjálfun“ komi í stað „starfsreynslu“ í 2. málslið málsgreinarinnar.

9. gr.

9. gr. orðist svo:

Háskólar skulu stuðla með hagkvæmum hætti að fjölbreyttri háskólamenntun. Í því skyni hafa háskólar með sér samstarf með gerð samninga um gagnkvæma viðurkenningu námsþátta, nemenda- og kennaraskipi og önnur atriði sem við geta átt.

Háskólum er heimilt að veita prófgráður skv. 5. gr. sameiginlega með öðrum háskólum, innlendum sem erlendum. Við skipulag sameiginlegrar prófgráðu skulu háskólar taka mið af alþjóðlegum viðmiðum. Gera skal samning milli þeirra háskóla sem í hlut eiga um inntak og fyrirkomulag námsins, aðgang nemenda að náminu og

útgáfu skilríkja til staðfestu prófgráðunnar. Heimildin tekur til grunnnáms, meistaranáms og doktorsnáms.

Prófgráða sem veitt er sameiginlega skv. ákvæðum þessarar greinar skal viðurkennd skv. ákvæðum III. kafla og viðurkennd að landsrétti þeirra erlendu háskóla sem í hlut eiga.

10. gr.

Lagt er til að greinin falli brott.

13. gr.

1. másl. 1. mgr. orðist svo:

Ytra mat á kennslu fer fram með reglubundnum hætti, samkvæmt nánari ákvörðun menntamálaráðherra.

og

3. og 4. másl. 1. mgr. orðist svo:

Jafnframt getur ytra mat náð til nokkurra háskóla í senn eða háskólastigsins í heild. Ytra mat nær til allra helstu þátta sem snerta nám og kennslu.

14. gr.

3. másl. 1. mgr. orðist svo:

Háskólar senda menntamálaráðuneytinu árlega skýrslur um mat og árangur í rannsóknum.

15. gr.

1. másl. 1. mgr. orðist svo:

Ytra mat á rannsóknastarfsemi fer fram með reglubundnum hætti, samkvæmt nánari ákvörðun menntamálaráðherra.

17. gr.

1. mgr. orðist svo:

Menntamálaráðherra felur óháðri nefnd, stofnun, fyrirtæki eða öðrum til þess bærur aðila, innlendum eða erlendum, að annast eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna á háskólastigi.

18. gr.

18. gr. orðist svo:

Yfirstjórn háskóla er falin háskólaráði/stjórn og rektor. Nánar er kveðið á um hlutverk rektors og háskólaráðs/stjórnar í sérlögum, skipulagsskrám eða samþykktum viðkomandi háskóla. Í þessum ákvæðum skal enn fremur tryggt að akademískir starfsmenn og nemendur taki þátt í mótun og skipulagi fræðilegrar starfsemi.

Árlega skal hver háskóli halda opinn ársfund þar sem meginatriði starfsáætlunar skólans eru kynnt.

19. gr.

Greinin verði tvær málsgreinar.

1. mgr. orðist svo:

Í hverjum háskóla skal vera vettvangur fyrir akademíska stefnumótun og umræðu, þar sem aðild eiga kennarar, nemendur og aðrir starfsmenn.

2. mgr. orðist svo:

Hver háskóli skal skrá þær siðareglur sem farið er eftir í starfsemi skólans. Háskóla er ennfremur heimilt að setja á stofn vísindasiðanefndir og nefndir sem ætlað er að fjalla um meint brot á siðareglum.

21. gr.*21. gr. orðist svo:*

Háskólar skulu setja á fót dómnefnd til þess að meta hæfi umsækjenda um störf prófessora, dósentar, lektora og þeirra sem ráðnir eru til sjálfstæðra vísindarannsóknar eða listsköpunar. Þeir sem ráðnir eru til þessara starfa skulu hafa lokið meistaraþrófi hið minnsta eða hafa jafngilda þekkingu og reynslu að mati dómnefndar. Þeir skulu jafnframt hafa sýnt þann árangur í starfi að þeir njóti viðurkenningar á starfssviði sínu. Þeir sem ráðnir eru í störf prófessora skulu að öðru jöfnu hafa lokið doktorsþrófi.

Hver háskóli velur menn til setu í dómnefndum á sínum vegum, og skal að minnsta kosti einn dómnefndarmanna hverju sinni hafa aðalstarf sitt utan viðkomandi skóla. Nánari fyrirætlun um dómnefndir, kröfur til kennara og sérfræðinga, hæfi þeirra og starfsskyldur eru í sérlögum og reglum, samþykktum eða skipulagsskrám um hvern háskóla.

Til skýringar varðandi hæfniskröfur til prófessora:

Samstarfsnefndin er sammála um að eðlilegt sé að rammalög um háskólastigið endurspegli þá skipan að til prófessora séu gerðar ríkastar hæfniskröfur, bæði hvað varðar menntun og þann þátt sem snýr að árangri og viðurkenningu á starfssviðinu. Vægi hvors þáttar um sig getur þó, eðli málsins samkvæmt, verið nokkuð mismunandi milli fræðigreina auk þess sem hvarvetna er lögð megináhersla á að listmenntun á háskólastigi sé veitt m.a. af starfandi listamönnum sem hafa sýnt í verkum sínum að þeir hafi til að bera listrænan þroska og afburða hæfileika. Nefndin telur æskilegt að löggin tilgreini þá menntunarkröfu sem helst á við í hefðbundnu fræðilegu háskólastarfi, þ.e. að prófessorar hafi yfirleitt lokið doktorsþrófi, en jafnframt komi fram, bæði í lagatextanum og greinargerð að þessi skipan geti verið með öðrum hætti.

22. gr.*Í stað 1. og 2. mgr. 22. gr. frumvarpsdraganna komi þrjár málsgreinar svohljóðandi:*

Inntökuskilyrði í nám á háskólastigi skulu jafnan svara til þess sem krafist er til inngöngu í sambærilegt nám við viðurkennda háskóla erlendis. Almenn inntökuskilyrði er stúdentspróf eða jafngilt próf.

Háskóli getur ákveðið sérstök inntökuskilyrði, þar á meðal að láta umsækjendur gangast undir mat, inntöku- eða stöðupróf. Getur slíkt mat bæði komið í stað kröfu um stúdentspróf eða verið henni til viðbótar. Háskóla er jafnframt heimilt að skilyrða inntöku við það að umsækjandi ljúki sérstöku aðfarnámi og bjóða upp á slíkt nám að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis.

Háskóla er heimilt að víkja frá skilyrði um stúdentspróf ef umsækjandi býr að mati viðkomandi háskóla yfir nægjanlegum þroska, þekkingu, hæfni og reynslu til að stunda nám á háskólastigi.

Til skýringar varðandi ákvæði um aðfararnám:

Samstarfsnefndin er sammála um að ákvæði um aðfararnám eigi ekki heima í lokamálslið 4. mgr. 5. gr.). Ef talin er þörf á slíku ákvæði í lögum, eru skoðanir á hinn bóginn skiptar um það í nefndinni hvort ákvæðið eigi fremur heima í lögum um framhaldsskóla eða í þeim kafla háskóla sem fjalla um inntökuskilyrði (sbr. 22. gr. fyrirbyggjandi frumvarpsdraga).

og

Inn komi sjálfstætt ákvæði um réttindi fatlaðra nemenda til þess að njóta aðstoðar í háskólanámi. – t.d. sem 4. mgr. 22.gr.

25. gr.

Lokamálsliður 25. gr. falli brott.

26. gr.

Falli brott og færast sem 2. mgr. 18.gr.

29. gr.

29. gr. orðist svo:

Rektorar íslenskra háskóla skipa samstarfsnefnd háskólastigsins. Nefndin skal koma saman reglulega og fjalla um málefni er varða starfsemi og hagsmuni hlutaðeigandi skóla og veita umsögn í málum sem ráðuneyti eða einstakir háskólar vísa til hennar. Nefndin setur sér nánari starfsreglur. Menntamálaráðherra og háskólarnir geta falið nefndinni, eða sjálfstæðum stofnunum sem hún á aðild að, umsjón með ýmsum sameiginlegum verkefnum háskólastigsins.

II. Ábendingar og athugasemdir (m.a. með vísan til bréfs samstarfsnefndar til menntamálaráðherra dags. 29. ágúst 2005).**1. Markmið og gildissvið laganna**

Í samræmi við löggjafarhefð fer vel á því að inngangskafli laganna hafi bæði að geyma afmörkun á gildissviði og lýsingu á markmiðum laganna. Einkum verður að leggja áherslu á það heildarmarkmið að veita vandaða háskólamenntun og stunda rannsóknir á grundvelli tiltekinna forsendna sem hafa verið hornsteinar háskólastarfs frá öndverðu.

Gildissvið laganna þarf einnig að vera ótvírætt hvað það varðar, að háskólar sem stjórnskipulega falla undir önnur ráðuneyti en menntamálaráðuneyti, lúti efnisreglum þeim sem fram koma í rammalögum um háskóla. Við núverandi aðstæður er hér átt við Landbúnaðarháskóla Íslands og Hólaskóla.

Leggja verður sérstaka áherslu á það almennt, að rammalög um háskóla geymi skýr og gagnsæ viðmið og sem allra fæstar tilviksbundnar heimildir til frávika.

Þá ber að athuga að 3. másl. 1. mgr. 2. gr. hefur efnislega að geyma markmiðslýsingu og er lagt til að hann flytjist ásamt viðbót í 1. gr.

Á framangreindum forsendum er lagt til að I kafli fái heitið „Markmið og gildissvið“ og að orðalagi 1. gr. sé breytt.

2. Skilgreiningar lykillugtaka

Mikilvægt er að lögin og þau skýringargögn sem þeim tengjast, hafi að geyma skilgreiningar á lykillugtökum sem varða háskólastigið og tilvísanir til grundvallarskjala varðandi alþjóðleg viðmið í háskólastarfi. Sérstaklega þarf að huga vel að skilgreiningu hugtaksins „fræðasvið“ í lögnum og öðrum efnisatriðum sem skilyrði viðurkenningar byggjast á, sbr. liði a – i í 3. gr. Þá verður að samræma hugtakanotkun í textanum, m.a. hvað varðar ferli innra og ytra mats. Nánar er vikið að því í tölulið 4 í þessum athugasemdum.

Nauðsynlegt er að frumvarpinu fylgi ítarleg greinargerð og skýringar við einstök ákvæði sem byggja megi lagaframkvæmdina á. Er þetta einkum áriðandi þar sem endurskoðuð löggjöf mun hafa að geyma mörg nýmæli og mun skipta miklu um framvindu og velferð samfélagsins.

3. Ákvæði um sjálfstæði háskóla og akademískt frelsi (sbr. lið 1.2 í bréfi)

Í fyrirliggjandi drögum er sjálfstæði háskóla skilgreint út frá valdheimildum, en réttara er að skilgreina þetta atriði póstívt út frá hlutverki háskólanna og markmiðum með starfsemi þeirra. Hafa má hliðsjón af nýrri norski löggjöf um háskóla hvað þetta varðar. Því er lagt til að breyting verði gerð á 3. mgr. 2. gr.

4. Fyrirkomulag gæðaeftirlits

V. kafli laganna þarfnast frekari umræðu og úrvinnslu. Skörun er á milli ákvæða og efnisatriða. Þannig hlýtur að koma til greina að sameina ákvæði (t.d. 14. - 16. gr.), skerpa á meginatriðum reglubundinna matsferla.

Þá er það grundvallaratriði að óhludrægni í matsferlum skv. V. kafla sé tryggð með því að sjálfstæð stofnun, óháð bæði háskólunum og stjórnvöldum, gegni lykilhlutverki við gæðaeftirlit á háskólastigi. Þetta er í samræmi við erlend viðmið um tryggingu gæða í starfi háskóla, bæði í Evrópu og N-Ameríku.

Nauðsynlegt er, í þessu ljósi, að fara hér nokkrum orðum um hugtök og einstakar greinar V. kafla.

Um 11. gr. Markmið með gæðaeftirliti. Nauðsynlegt er að fram komi (t.d. í d-lið) að eitt helsta markmiðið með því að háskólar lúti samræmdu gæðaeftirliti er að tryggja að *auðvelt sé að bera saman námskröfur og prófgráður, bæði innanlands og utan.* Þetta tengist einu helsta markmiði Bolognaferlisins um hreyfanleika nemenda og kennara milli skóla og milli landa.

Hugtakanotkun. Síðar í 11. gr. er fjallað um innra mat og ytra mat. Rétt er að benda á að þessi hugtök eru iðulega notuð í tvenns konar merkingu, annars vegar í tengslum við (stundlegar) ytri úttektir og hins vegar í tengslum við (varanlegt) ytra mat á tilteknum starfsþáttum. Þannig er „ytra mat“ ýmist notað um úttektir ytri mats- eða eftirlitsaðila eða um ytra eftirlit t.d. með námsleiðum, prófgráðum eða innra gæðakerfi háskóla. Á hliðstæðan hátt er „innra mat“ ýmist notað um undanfara ytra mats, þ.e. sjálfsmat stofnunar, deildar, námsgreinar eða annarrar einingar, sem

venjulega lýkur með ritun sjálfmatsskýslu eða að það er notað um innra gæðakerfi háskóla.

Í 11. gr. virðist átt við fyrri merkinguna, þ.e. ytra mat *qua* úttektir og innra mat *qua* undanfarandi sjálfsmat. Í 16. gr. virðist einnig notast við þessa merkingu, nema að í staðinn fyrir innra mat er nú talað um „gæðakerfi“: „Menntamálaráðuneyti greiðir kostnað vegna ytra mats, en viðkomandi háskóli greiðir kostnað vegna innra gæðakerfis“. Hér á augljóslega að standa að viðkomandi háskóli greiði kostnað vegna innra mats eða sjálfsmats. Í 12. gr. virðist aftur á móti síðari merkingin lögð til grundvallar, en þar segir að „sjálfsmat deilda skólans“ skuli vera „hluti af daglegu starfi“.

Ytri úttektir. Í 11. gr. segir að menntamálaráðuneytið geri áætlanir um framkvæmd ytri úttekta til þriggja ára. Til þess að ytri úttektir þjóni markmiði sínu sé nauðsynlegt að þær fari fram með reglubundnum hætti, svo hægt sé að mæla og meta árangur, þróun og framfarir. Er þetta í samræmi við ákvæði í skýrslu ENQA „Standards and Guidelines for Quality Assurance in the European Higher Education Area“ sem samþykkt var á fundi menntamálaráðherra Bolognaferlisins í Bergen í maí sl. og gert er ráð fyrir að verði komin til framkvæmdar m.a. hér á landi árið 2007.

Um 12. gr. Formlegt gæðakerfi. Gæta þarf að því hvað átt er við með „gæðakerfi“ og að ljóst sé til hvaða „alþjóðlegra viðmiða“ er vísað. Augljóst hlýtur að vera að m.a. er átt við framangreinda skýrslu ENQA enda hafa íslensk stjórnvöld og háskólar tekið virkan þátt í mótun markmiða og viðmiða Bolognaferlisins.

Um 13. gr. Orðalag: Hér segir m.a. að ytra mat skuli taka til „allra þeirra þátta sem snerta nám og kennslu“. Betra er að orða það þannig matið taki til meginþátta í kennslu og námi.

Ytri matshópur. Í 13. gr. segir m.a. um skipan ytri matshóps að í hópnum séu „bæði innlendir og erlendir“ aðilar. Í 4. gr. c reglna um gæðaeftirlit með háskólakennslu nr. 666/2003 er nánar kveðið á um þetta, en þar segir: „Að minnsta kosti einn í hópnum skal vera starfandi erlendis“. Leggja verður áherslu á að ytra mat á starfi íslenskra háskóla lúti alþjóðlegum viðmiðum. Mikilvægur þáttur í því að tryggja þetta er að *a.m.k. helmingur* þeirra sem skipa ytri matshóp séu erlendir sérfræðingar með viðtæka reynslu á því (fag)sviði sem úttektin tekur til. Þessi athugasemd á einnig við um 15. gr.

Um 14. gr. Orðalag: Hér segir að „háskólar senda menntamálaráðuneytinu árlega skýrslur um mat á rannsóknnum.“ Nær væri að segja að háskólar senda ráðuneytinu árlega skýrslu um mat og *árangur* í rannsóknnum. Ljóst er að þau viðmið sem menntamálaráðuneytið mun birta skv. þessari grein og lögð skulu til grundvallar við mat á árangri rannsóknastarfs verða að liggja fyrir við meðferð frumvarpsins á Alþingi, þar sem þau eru ein af grundvallarforsendum lagasetningarinnar og þar með lagaframkvæmdarinnar. Sjá einnig tölulið 6 í þessum athugasemdum.

Um 17. gr. Í greininni segir að menntamálaráðherra geti falið „nefnd, stofnun, fyrirtæki eða öðrum til þess bærnum aðilum, innlendum eða erlendum, að annast almenna umsýslu með gæðastarfi háskóla, þ.m.t. með ytri gæðamat. Sama gildir um framkvæmd ytra gæðamats.“

Hér vakna ýmsar spurningar. Í fyrsta lagi: Er átt við að ráðherra geti falið ólíkum aðilum að annast ytra mat á háskólum, einum í dag og öðrum á morgun? Þannig hefur þetta verið í reynd og er afar óheppilegt, m.a. vegna þess að aðilarnir (sérfræðingahópar, ráðgjafafyrirtæki, endurskoðunarfyrirtæki) eru misvel til þess fallnir að sinna þessu hlutverki. Í öðru lagi: Hvað merkir „almenn umsýsla með gæðastarfi háskóla“? Varla er átt við uppbyggingu og framkvæmd gæðakerfis skólanna, þar sem það hlýtur að vera á ábyrgð skólanna sjálfra. Og hver er munurinn á almennri umsýslu og ytra gæðamati, sem skv. orðanna hljóðan í greininni („þ.m.t.“) er þáttur í hinni almennu umsýslu? Og loks: Hver er munurinn á almennri umsýslu með ytra mati og framkvæmd ytra mats?

Samstarfsnefndin telur að framkvæmd ytra mats og eftirlits með gæðum háskólastarfs skuli vera á höndum sjálfstæðrar stofnunar eða annars faglegs aðila og bendir m.a. í því sambandi á skýrslu ENQA: „Independence: Agencies should be independent to the extent both that they have autonomous responsibility for their operations and that the conclusions and recommendations made in their reports cannot be influenced by third parties such as higher education institutions, ministries or other stakeholders.“ (Bl. 8)

Í 2. mgr. 17. gr. segir: „Heimilt er menntamálaráðherra að láta fara fram sérstakt mat á háskóla...“. Ekki er ljóst hvað felast á í þessu „sérstaka mati“ og hver er munurinn á því og „ytra mati“ sem fjallað er um t.d. í 13. gr.

Á þessum forsendum er lagðar til breytingar á 13., 14., 15. og 17. gr. en áréttað er að skoða verður framsetningu kaflans í heild.

5. Viðurkenning og starfsleyfi

Skýra þarf ákvæði frumvarpsdraganna þannig að ljóst sé hver framvinda mála er, annars vegar þegar um grunnviðurkenningu á starfsemi háskóla er að ræða, sbr. III. kafla, og hins vegar þegar viðurkenningin beinist að einstökum námsleiðum og prófgráðum, sbr. einkum IV. kafla. Í grunnviðurkenningu felst í raun að skóla er veitt leyfi til að starfa sem háskóli, m.ö.o. honum er veitt starfsleyfi, en í viðurkenningu á einstökum námsleiðum eða prófgráðum felst staðfesting á því að umrætt nám falli innan starfsleyfis viðkomandi háskóla og að skólinn hafi faglegar forsendur til þess að sinna kennslu og/eða rannsóknum á því fræðasviði.

Í núgildandi löggjöf er notast við starfsleyfishugtakið og er lagt til að svo verði gert áfram. Á hinn bóginn verði hugtakið „viðurkenning“ notað um einstakar námsleiðir og prófgráður. Þannig sé starfsleyfi háskóla afturkallað ef skólinn uppfyllir ekki þau skilyrði sem greinir í liðum a – í 2. mgr. 3. gr. frumvarpsdraganna. Viðurkenning er hins vegar felld úr gildi ef í ljós kemur að háskóli hafi ekki (lengur) faglegar forsendur til þess að stunda kennslu eða rannsóknir í tiltekinni fræðigrein.

Samstarfsnefndin bendir á, að skoða verði almennt hvernig haga beri skipun í umsagnarnefndir varðandi viðurkenningu á hæfni háskóla á einstökum fræðasviðum og til þess að bjóða upp á nám til doktorsprófs. Mikilvægt er að fulltrúar háskólasamfélagsins eigi aðild að slíkum nefndum og að störf þeirra lúti gegnsæjum reglum sem tryggja óhlutdrægni.

Þá athugast að í frumvarpsdrögin vantar tilvísun milli 7. gr. (IV. kafla) og 27. gr. sem fjallar um prófgráðulista ráðuneytisins. Tryggja þarf birtingu og aðgengi að öllum opinberum skráum um prófgráður.

Ljóst er að það getur verið viðurlutamikið að fella niður viðurkenningu háskóla til kennslu og/eða rannsókna á tilteknu fræðasviði. Skýrt þarf að vera í lögunum að við þær aðstæður sé réttarstaða stúdenta tryggð. Jafnframt þarf að liggja fyrir að slíkar íþyngjandi ákvarðanir verða ekki teknar án veigamikils rökstuðnings.

Á þessum forsendum er lagt til að I. kafli fái heitið „Starfsleyfi háskóla“. Ennfremur þarf að taka til athugunar að ákvæði 6. mgr. 3. gr. verði rýmkuð eða þeim sleppt (um að viðurkenning á fræðasviði falli úr gildi ef starfsemi á sviðinu liggur niðri í tvö ár samfleytt).

6. Formleg viðmið um æðri menntun og prófgráður

Ákvæðum 7. gr. frumvarpsdraganna er ætlað að afmarka þann þátt Bologna-ferlisins sem snýr að svonefndu „Qualifications Framework“ (QF). Ljóst er að þessi formlegu viðmið verða lykilatriði við alla framkvæmd endurskoðaðra rammalaga, og það sama gildir einnig um þau viðmið varðandi gæði og árangur í rannsóknum sem matsferli skv. V. kafla byggist á (sbr. vinnu á vegum vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs). Þar sem þessi gögn eru veigamiklar forsendur laganna er nauðsynlegt að þau liggja fyrir þegar frumvarpið verður tekið til efnislegrar meðferðar á Alþingi.

7. Sjónarmið sem ákvörðun fjárveitinga eru byggð á (sbr. lið 1.3 í bréfi)

Skerpa verður á viðeigandi ákvæðum frumvarpsdraganna hvað þetta varðar. Meðal annars komi fram að það sé skilyrði fyrir opinberum fjárveitingum til kennslu á tiltekinni námsleið að efnisinntak námsleiðarinnar hafi hlotið viðurkenningu ráðuneytisins þar sem fram komi til hverra af þremur meginstigum háskólanáms viðurkenningin taki (grunn nám, meistarastig, doktorsstig). Þetta á sérstaklega við um nám sem er nauðsynleg forsenda fyrir öflun starfsréttinda, sem og nám á meistarastigi og nám á doktorsstigi.

Þá er lokamálsliður 25. gr. á skjön við almenna lagaframkvæmd og er lagt til að hann verði felldur brott.

8. Heimildir ríkisháskóla til öflunar og ráðstöfunar tekna (sbr. lið 1.4)

Frumvarpsdrögin koma vel til móts við það meginmarkmið sem fram kom á fundinum í ráðuneytinu 21. september sl. að endurskoðuð lög taki til háskólanna allra með jöfnum hætti. Þannig er ekki gert ráð fyrir að nein ákvæði laganna kveði sérstaklega á um ríkisháskólana, en samhliða er þó reiknað með að ákvæði í sérlögum um ríkisháskólana verði samræmd, m.a. hvað varðar heimildir þeirra til þess að eiga aðild að atvinnurekstri. Enn fremur ætti að rýmka heimildir ríkisháskólanna til öflunar og ráðstöfunar tekna af atvinnurekstri þannig að staða allra háskóla sé jöfn gagnvart lögum hvað hvað þetta varðar.

9. Ákvæði um hæfi háskólakennara

Í frumvarpsdrögunum er nokkuð vel séð fyrir ákvæðum um hæfi háskólakennara og sérfræðinga. Hér er um mjög mikilvægt sameiginlegt gæðamálefni háskólastigsins að

ræða og brýnt að sömu reglur gildi um dómnefndir óháð því á hvaða grundvelli háskólar starfa.

Skýrt þarf að vera í lagatextanum að dómnefnd hafi metið umsækjanda hæfan til þess að taka við því starfsheiti sem honum er boðið. Á hinn bóginn er það vafamál hvort framkvæmanlegt er eða skynsamlegt að gera það að almennri reglu, að dómnefndarmenn hafi sjálfir hlotið hæfnismat dómnefndar, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpsdrögunum.

Á þessum forsendum er lögð til breyting á 21. gr. Jafnframt er áréttuð sú skýring sem fram kemur í II. lið hér að framan, um mismunandi vægi þátta í hæfnismati prófessora.

10. Inntökuskilyrði

Ákvæði frumvarpsdraganna um inntökuskilyrði eru ófullkomin og þarfnast frekari úrvinnslu. Þar verður að leggja megináherslu á að inntökuskilyrði í íslenska háskóla séu sambærileg við það sem krafist er í alþjóðlega viðurkenndum skólum. Íslenska stúdentsprófið tryggir þetta markmið, en árétta ber að heimild til þess að víkja frá skilyrðinu um stúdentspróf er í eðli sinu undanþáguheimild.

Er lagt til að 1. mgr. 22. gr. breytist. Jafnframt er vísað til þeirra sjónarmiða sem fram eru sett í II. lið hér að framan.

11. Samstarfsnefnd háskólastigsins

Ákvæðið um samstarfsnefnd háskólastigsins þarfnast nánari skoðunar. Nefndin verður að vera sjálfstæð í störfum í samræmi við það sjálfstæði sem háskólarnir njóta. Mikilvægt er að bæði ráðherra og háskólarnir geti ákveðið þau verkefni sem hentugt er að sinna sameiginlega á vettvangi nefndarinnar. Nægjanlegt virðist að lögin veiti samstarfsnefndinni heimild og svigrúm til þess að starfsrækja slík sameiginleg verkefni og eiga aðild að fyrirtækjum í því sambandi, sbr. hugmyndir nefndarinnar um að setja á laggimar Samstarfsnet íslenskra háskóla. Jafnframt þarf að vera ótvírætt að allir ríkisháskólar eigi aðild að samstarfsnefndinni, óháð því undir hvaða ráðuneyti þeir heyra stjórnskipulega, sbr. tölulið 1 í þessum athugasemdum.

Með vísan til þess að er lagt til endurskoðað orðalag á 29. gr.

12. Aðfararnám

Í fyrirliggjandi drögum er ákvæði (lokamálsli. 4. mgr. 5. gr.) um aðfararnám fyrir einstaklinga sem ekki uppfylla inntökuskilyrði í háskóla. Eðli málsins samkvæmt telst þetta nám ekki vera á háskólastigi og því er ekki rétt að geta þess í kaflanum um námsframboð og prófgráður. Eðlilegast væri að ákvæði í þessa veru séu í lögum um framhaldsskólastigið, en það mætti einnig koma því inn í 22. gr. (um inntökuskilyrði), sjá að öðru leyti athugasemd undir lið II. hér að framan.

13. Stjórnskipan

Samstarfsnefnd gerir athugasemd við framsetningu á hlutverki háskólaráðs í 18. gr. Í nokkrum háskólum er þetta hlutverk falið „stjórnnum“ í heild eða að hluta. Auk þess er það á skjön við megindrætti í stjórnskipan háskóla að háskólaráð ákveði hlutverk

rektors. Á hinn bóginn verður að halda til haga því megineinkenni í stjórnskipan háskóla að nemendur eigi aðkomu að stjórnun faglegra málefna skólans.

Þá er ekki sjálfgefið að binda það í almenn lög að háskólafund skuli halda, þar sem vega verður saman fjölda nemenda, starfsmanna og umfang og eðli starfseminnar í kennslu og rannsóknnum og það hlutverk háskólafundar að vera vettvangur stefnumótunar og umræðu um málefni viðkomandi háskóla með aðild allra hagsmunaaðila háskólans. Þess vegna er lögð til orðalagsbreyting á 18. og 19. gr. auk færslu á ákvæði um ársfund (úr 26. gr.).

14. Gildistaka

Taka verður skýrt fram í gildistökuákvæði að viðurkenning sem háskólar njóta við gildistöku laganna haldist.

15. Önnur atriði

- a) Ákvæði 2. mgr. 4. gr. (reglur um þýðingu heita háskóla á erlend tungumál) fari út þar sem frumvarpið hefur að svo stöddu ekki að geyma nein viðmið um mismunandi tegundir háskóla og aðgreiningu eftir hlutverkum og starfsemi (university og college)
- b) Inn komi sjálfstætt ákvæði um réttindi fatlaðra nemenda til þess að njóta aðstoðar í háskólanámi. Hafa má hliðsjón af 19. gr. laga nr. 80/1996, um framhaldsskóla í þessu sambandi, en einnig þarf að koma fram að fé er veitt sérstaklega til þessa þáttar.
- c) Orða þarf skýrar efnisatriði sem fram koma í 9. gr. Ákvæði um sameiginlegar prófgráður þurfa að vera í samræmi við þá þróun sem á sér stað m.a. til þess að tryggja réttaröryggi stúdenta. Lagt er til að orðalag verði fært til betra horfs, m.a. með hliðsjón af fyrri tillögum samstarfsnefndarinnar sbr. bréf til ráðuneytisins dags. 13. október 2003.
- d) Háskólum á að vera skylt að setja sér siðareglur. Jafnframt þurfa þeir heimild til þess að setja á stofn vísindasiðanefnd(ir) og nefndir til þess að fylgja eftir almennum siðareglum.

Menntamálaráðherra
fr. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
Menntamálaráðuneytinu
Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. ágúst 2005

Hæstvirtur menntamálaráðherra.

Á undanförunum misserum hefur samstarfsnefnd háskólastigsins ítrekað rætt um nauðsyn þess að yfirfara gildandi lög um háskóla nr. 136/1997. Endurskoðun er aðkallandi einkum í ljósi þess að allmiklar breytingar hafa orðið á háskólaumhverfinu hér á landi frá því lögin voru sett og einnig vegna þess að frá árinu 1999 hafa rúmlega 40 Evrópuríki tekið höndum saman um stefnumótun í æðri menntun í Evrópu með Bolognafirlýsingunni og Bolognaferlinu í kjölfar hennar. Markmiðið með þessu ferli er að myndað verði það sem kallast Evrópusvæði æðri menntunar (European Higher Education Area) fyrir árið 2010. Ennfremur skal vísað til yfirlýsingar um forsendur og frelsi háskóla dags. 15. júní 2005 (sjá hjál.)

Á fundi samstarfsnefndarinnar 12. apríl sl. var ákveðið að fela vinnuhópi að setja fram hugmyndir um efnisatriði sem gætu komið til athugunar við endurskoðun laga um háskóla, nr. 136/1997. Ólafur Proppé, rektor KHÍ, stýrði starfi vinnuhópsins og aðrir í hópnum voru Hjálmar H. Ragnarsson, rektor LHÍ og forsetar lagadeilda þeirra háskóla sem starfrækja lagadeildir, þau Páll Hreinsson, prófessor, forseti lagadeildar HÍ, Mikael M. Karlsson, prófessor, forseti félagsvísinda- og lagadeildar HA, Þórður S. Gunnarsson, forseti lagadeildar HR og Bryndís Hlökkversdóttir, forseti lagadeildar Bifrastar.

Um miðjan ágúst sl. skilaði vinnuhópurinn hugmyndum sínum til samstarfsnefndarinnar um það að hverju hann teldi æskilegt að huga við samningu nýrra laga um háskóla. Fjallað var um málið á fundi samstarfsnefndar 29. ágúst sl. og er niðurstaða nefndarinnar eftirfarandi:

1. Lögin fjalli um starfsskilyrði háskóla á Íslandi

- 1.1 Markmið með starfsemi háskóla
- 1.2 Ákvæði um sjálfstæði háskóla og akademískt frelsi
- 1.3 Sjónarmið sem ákvörðun fjárveitinga til háskóla eru byggð á
- 1.4 Heimildir fyrir ríkisháskóla til að afla sértekna og til að ráðstafa þeim að vild í þágu viðkomandi stofnunar

2. Lögin fjalli um gæðamál háskóla, s.s. gæðakröfur og gæðæftirlit með kennslu og rannsóknnum, sbr. ráðherrafrund Bologna ferilsins í Bergen 19. maí sl.

- 2.1 Eiga að vera samræmdir gæðastaðlar eða kvarðar á einhverjum sviðum?
- 2.2 Ákvæði um gæðastjórnun háskóla sem fá fjármagn frá opinberum aðilum
- 2.3 Ákvæði um ytra- og innra eftirlit
- 2.4 Lágmarkskröfur um hæfi kennara og vísindamanna
- 2.5 Ákvæði um inntökuskilyrði

3. Skýrt þarf að koma fram í lögum hvaða valdheimildir liggja annars vegar hjá háskólum og hins vegar hjá menntamálaráðherra til að ákveða t.d. hvaða greinar verði kenndar. Nauðsynlegt er að lögin taki skýrlega af skarið um valdheimildir og valdmörk um helstu ákvarðanir. Í lögnum þurfa að vera ákvæði um hvernig staðið skuli að viðurkenningu (accreditation) á nýjum námsleiðum og prófgráðum. Ennfremur verði til staðar heimild fyrir háskólana til þess að veita sameiginlegar prófgráður með öðrum háskólum, innlendum og erlendum.
4. Stjórnkerfi háskóla
Það er ekki skynsamlegt að lögfesta stjórnskipulag háskóla í hin almennu háskólalög. Þessi niðurstaða byggist á eftirfarandi sjónarmiðum:
- a) Stjórnkerfi hvers skóla endurspeglar m.a. markmið hans og áherslur í starfi, svo og stærð hans. Því er eðlilegt að stjórnkerfi háskóla séu ólík. Af þessum sökum er reglusetning um þetta efni ekki heppileg í *almennum lögum* heldur er heppilegra að setja reglur um stjórnkerfi hvers skóla í *sérlög* sem gilda um hvern skóla svo og reglur hans.
- b) Sérlög gilda um alla ríkisháskóla þar sem settar hafa verið sérstakar reglur um stjórn og skipulag hvers háskóla. Þessi staðreynd leiðir lagalega til þess að ákvæði IV. kafla laga nr. 136/1997 eru nánast *án réttaráhrifa*, þ.e.a.s. *sérlög* allra skólanna ganga frammar hinum *almennu ákvæðum* IV. kafla laganna. Þannig þjónar IV. kafli aðallega því hlutverki að vera fyrirmynd eða „módel” að þeirri grunnhugmynd sem gengið er út frá við samningu reglna að stjórn hvers ríkisháskóla þegar sérlög eru sett um þá. Ekki verður séð að nauðsynlegt sé að lögfesta slíka grunnfyrirmynd enda vandséð hvaða aðila ætlunin er að binda með slíkum reglum.

Virðingarfyllst,

Ágúst Sigurðsson
rektor LBHÍ

Ólafur Proppé
rektor KHÍ

Guðfinna S. Bjarnadóttir
rektor HR

Runólfur Ágústsson
rektor á Bifröst

Hjálmar H. Ragnarsson
rektor LHÍ

Skúli Skúlason
rektor Hólaskóla

Kristín Ingólfssdóttir
rektor HÍ

Þorsteinn Gunnarsson
rektor HA

Akureyri 24. febrúar 2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Vísað er í bréf menntamálanefndar, dags. 9. þ.m., þar sem óskað er eftir umsögn Háskólans á Akureyri um frumvarp til laga um háskóla, 433. mál. Afstaða Háskólans á Akureyri til frumvarpsins er eftirfarandi:

Háskólinn á Akureyri fagnar efni frumvarpsins og telur að það geti styrkt grundvöllinn undir starfsemi háskóla í landinu. Sérstaklega ber að fagna þeirri áherslu sem er á óháð faglegt mat og eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna en það er hinn rauði þráður er gengur í gegnum frumvarpið. Þá er einnig jákvætt að frumvarpið tekur til háskólanna allra, óháð rekstrarformi. Ennfremur endurspeglar efni frumvarpsins þá þróun sem verið hefur í nágrannalöndunum varðandi málefni háskóla.

Hér á eftir fara athugasemdir við einstaka kafla eða einstakar greinar frumvarpsins.

Í II. kafla 3. gr. eru tilgreind skilyrði fyrir því að stofnun geti fengið viðurkenningu sem háskóli. Skilyrðin eru bæði almenn og bundin fræðasviði. Almennu skilyrðin eru talin upp í 3. gr. í stafl. a. til i. Í 3. gr. 5. mgr. segir að menntamálaráðherra skipi þrjá óháða og sérfróða einstaklinga í nefnd er veitir umsögn um umsóknir um viðurkenningu á tilteknum fræðasviðum. Í 2. mgr. 3. gr. er sagt að ráðherra veiti háskólum viðurkenningu að uppfylltum skilyrðum laga þessara. Ákvörðun ráðherra er bæði nauðsynlegt og nægilegt skilyrði þess að háskóli hljóti viðurkenningu. Það er ástæða til að taka eftir því að ákvörðun ráðherra er ekki bundin af niðurstöðu þeirra nefndar sem hann skipar til að veita umsögn og hann skipar nefndina án tilnefninga. Þetta merkir að ráðherra hefur óskorað vald til að skipa svona umsagnarnefnd og getur tekið ákvörðun sem gengur gegn niðurstöðu hennar. Það er ástæða til að bæta við eftirfarandi setningu í 5. mgr.: “Menntamálaráðherra er einungis heimilt að veita háskóla viðurkenningu hafi meirihluti umsagnarnefndarinnar mælt með því.”

Í II. Kafla, 5. gr. er fjallað um formleg viðmið um æðri menntun og prófgráður sem ráðherra mun gefa út í kjölfar lagasetningarinnar. Þar verður lýst þeirri þekkingu, hæfni og færni sem námsmenn eiga að ráða yfir í námslok. Háskólinn á Akureyri vill í því sambandi vekja athygli á hugtakinu upplýsingalæsi sem skilgreint er í *Stefnu menntamálaráðuneytis um upplýsingatækni í menntun, menningu og vísindum 2005-2008* sem “færni í að nýta sér tölvur og

upplýsingatækni til að afla sér upplýsinga og þekkingar sem og getu til að vinna úr upplýsingum á gagnrýninn og skapandi hátt”. Háskólinn telur færni í upplýsingalæsi eina af forsendunum fyrir árangri við nám í upplýsingatæknivæddu samfélagi nútímans og nauðsynlegt veganesti nemendum þegar þeir halda til framtíðarstarfa.

Í III. Kafla, 7. gr. má benda á ákveðna annmarka þegar rætt er um viðurkenndar prófgráður og lokapróf. Þar er talað um diplómapróf í sama flokki og gráðurnar bakkalárpróf, meistara- og kandidatepróf og loks doktorspróf. Það mætti skilja af þessum texta að diplóman sé fjórða viðurkennda prófgráðan í þessari upptalningu en svo er ekki. Þetta er hins vegar skýrt betur í athugasemdunum með lagafrumvarpinu, en mætti koma fram með skýrari hætti í sjálfum lagatextanum.

Í 7. gr. 4. mgr. segir að menntamálaráðherra skipi þrjá óháða og sérfróða einstaklinga í nefnd er veitir umsögn um hæfi háskóla til að veita doktorsgráður. Í framhaldi af fyrri ábendingu í þessu bréfi varðandi 3. gr. 5. mgr. Er lagt til að eftirfarandi setning bætist við: “Menntamálaráðherra er einungis heimilt að veita háskóla heimild til að bjóða nám til doktorsprófs hafi meirihluti umsagnarnefndarinnar mælt með því.”

Í IV. Kafla um eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna verður það að vera grundvallaratriði að óhlutdrægni í matsferlum sé tryggð með því að sjálfstæðir matsaðilar, óháðir bæði háskólunum og stjórnvöldum, gegni lykilhlutverki við gæðaeftirlit á háskólastigi. Þetta er í samræmi við erlend viðmið um tryggingu gæða í starfi háskóla, bæði í Evrópu og N-Ameríku.

Í 14. gr. segir m.a. um framkvæmd ytra mats að „bæði innlendir og erlendir sérfræðingar” skuli að jafnaði koma að því mati. Í þessu sambandi verður að leggja áherslu á að ytra mat á starfi íslenskra háskóla lúti alþjóðlegum viðmiðum. Háskólinn á Akureyri telur að faglegt og óháð mat verði aðeins tryggt með því að fela erlendum eftirlitsstofnunum, með víðtæka fagþekkingu á þessu sviði, framkvæmd þessa mats. Jafnframt þarf að tryggja að fagþekking á sviði mats og eftirlits byggist upp innan íslenskra háskóla en ekki er tekið á því atriði í frumvarpinu.

Í VI. Kafla, 18. gr., leggur Háskólinn á Akureyri til að bætist við ný málsgrein sem gæti orðast svo: “Þeir sem ráðnir eru í störf prófessora skulu að öðru jöfnu hafa lokið doktorsprófi”. Eðlilegt má telja að lög um háskóla endurspegli þá skipan að til prófessora séu gerðar ríkastar hæfniskröfur, bæði hvað varðar menntun og þann þátt sem snýr að árangri og viðurkenningu á starfssviðinu. Vægi hvors þáttar um sig getur þó, eðli málsins samkvæmt, verið nokkuð mismunandi milli fræðigreina. Nauðsynlegt er að lögin tilgreini þá menntunarkröfu sem helst á við í hefðbundnu fræðilegu háskólastarfi, þ.e. að prófessorar hafi yfirleitt lokið doktorsprófi, en

jafnframt komi fram, bæði í lagatextanum og greinargerð að þessi skipan geti verið með öðrum hætti.

Í VII. kafla eru ákvæði 20. gr. um áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema óþarflega smásmuguleg og þarf að gæta þess sérstaklega að valdsvið og verklag nefndarinnar brjóti ekki í bága við sjálfstæði háskóla sem kveðið er á um í 2. gr.


VIII. kafli um fjárhagsmálefni þarfnast nokkurrar umfjöllunar. Eins og tekið var fram í upphafi þá tekur frumvarpið til allra háskóla, sem hlotið hafa viðurkenningu menntamálaráðuneytis, óháð rekstrarformi. Í framkvæmd hafa stjórnvöld hins vegar búið háskólunum ólíkt fjárhagsumhverfi sem hefur mismunun í för með sér, einkum hvað varðar möguleika þeirra til tekjuöflunar. Þannig hafa einkaskólar á háskólastigi heimild til þess að innheimta skólagjöld en ríkisháskólum er ekki heimilt að afla tekna með þessum hætti. Fjárveitingar háskóla sem heyra undir menntamálaráðuneyti eru ákveðnar samkvæmt tilteknu reiknilíkani en þetta reiknilíkan nær ekki til landbúnaðarskóla á háskólastigi. Í 22. gr. er þó tekið fram að kveðið skuli á um gjaldtökuheimildir í ríkisháskólum, sem heyra undir menntamálaráðherra, í sérlögum sem um þá gilda. Þess er vænst að endurskoðun sérlaga leiðrétti ofangreindan mismun á fjárhagsumhverfi háskólanna.

21. gr. síðasta mgr. hljóðar svo: “Ráðherra er heimilt að kveða sérstaklega á um greiðslur úr ríkissjóði til háskóla fyrir nám einstaklinga sem ekki hafa ríkisfang innan Evrópska efnahagssvæðisins.” Ekki verður komist hjá því að gera athugasemd við þetta ákvæði. Í þessu gæti verið falið skerðingarákvæði þar sem íslensk stjórnvöld eru í reynd að hindra ríkisháskóla hér á landi að taka við nemendum sem ekki hafa ríkisfang innan EES. Ríkisháskólar hér á landi munu ekki treysta sér til að mennta nemendur frá löndum utan EES með þau skilaboð frá stjórnvöldum að greiðslur fyrir þá verði væntanlegar afnumdar. Einkaskólar munu hins vegar geta haldið áfram að mennta nemendur sem svo háttar um þar sem þeir hafa að óbreyttum lögum heimild til að innheimta skólagjöld en ríkisháskólar ekki. Íslensk stjórnvöld og háskólamenn hafa frá örófi alda lagt ríka áherslu á að íslenskir námsmenn geti farið um allan heim og stundað nám í öðrum löndum hindrunarlaust. Skerðingarákvæði sem þetta gagnvart erlendum námsmönnum sem hafa hug á því að stunda nám hér á landi gæti haft áhrif á vilja annarra ríkja að taka við íslenskum námsmönnum. Þá ber að undirstrika að það er mikilvægur prófsteinn á gæði íslensks háskólastarfs að námsmenn erlendis frá kjósi að stunda nám hér á landi. Frá því sjónarmiði og ekki síst til að styrkja meginmarkmið frumvarpsins um aukin gæði í háskólastarfi ber stjórnvöldum að sjá til þess að auðvelda íslenskum háskólum að taka við námsmönnum erlendis frá en ekki bregða fæti fyrir þá þróun. Háskólinn á Akureyri leggur til að þessi grein falli brott en í staðinn komi nýtt ákvæði á viðeigandi stað í frumvarpið sem orðist svo: “Heimilt er ríkisháskólum að innheimta skólagjöld vegna nemenda sem hafa ríkisfang utan hins Evrópska efnahagssvæðis.”

Í IX. Kafla, 26. gr. er fjallað um samstarfsnefnd háskólastigsins. Háskólinn á Akureyri leggur til að við greinina bætist ný málsgrein sem orðist svo: “Menntamálaráðherra og háskólarnir geta falið nefndinni, eða sjálfstæðum stofnunum sem hún á aðild að, umsjón með ýmsum sameiginlegum verkefnum háskólastigsins.” Þessi tillaga er hér lögð fram til að leggja áherslu á að nefndin þurfi að vera sjálfstæð í störfum í samræmi við það sjálfstæði sem háskólarnir njóta. Mikilvægt er að bæði ráðherra og háskólarnir geti ákveðið þau verkefni sem hentugt er að sinna sameiginlega á vettvangi nefndarinnar. Nægjanlegt virðist að lögin veiti samstarfsnefndinni heimild og svigrúm til þess að starfrækja slík sameiginleg verkefni og eiga aðild að fyrirtækjum í því sambandi, sbr. hugmyndir nefndarinnar um að setja á laggirnar Samstarfsnet íslenskra háskóla sem m.a. hefði hlutverki að gegna við að fylgja eftir áherslum frumvarpsins um eflingu gæða í háskólastarfseminni.

Háskólinn á Akureyri mælir með því að umrætt frumvarp verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan.

Virðingarfyllst,


Þorsteinn Gunnarsson, rektor



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Alþingi
Erindi nr. P 132/1104
komudagur 1.3.2006

Menntamálanefnd Alþingis,
nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

27. febrúar 2006

Efni: Umsögn um frumvarp að lögum um háskóla, 433 mál.

Virðulega menntamálanefnd,

Af hálfu Háskólans í Reykjavík eru ekki gerðar efnislegar athugasemdir við ofangreint frumvarp.

Virðingarfyllst,

f.h. Háskólans í Reykjavík

e.u.

Þórður S. Gunnarsson
forseti lagadeildar HR

Umsögn um frumvarp um háskóla þskl. 654 – 433. mál

Til: Menntamálanefndar Alþingis

Frá: Hólaskóla

24.2.2006

Hólaskóli fagnar frumvarpi um háskóla. Það er mjög tímabært að endurnýja löggjöf um háskóla á Íslandi. Löggin um háskóla frá 1997 voru mikilvæg og höfðu mikil áhrif á þróun háskólastarfs, en atburðarás í þessum málaflokki, hérlendis og erlendis, er hröð og mikilvægt að löggjöfin fylgi þróuninni. Það sem er sérstaklega gott við frumvarpið er að skýrt er tekið á málum varðandi gæði háskólastarfs og tillit tekið til alþjóðlegra sjónarmiða. Þá er mikilvægt að háskólum er gefið enn meira svigrúm til að þróa starfsemi sína að því gefnu að þeir standist alþjóðlegar gæðakröfur. Við fögnum því sérstaklega að með frumvarpinu er skólum gefinn formlegur kostur á að byggja upp sameiginlegar námsleiðir og sameiginlegar gráður bæði með öðrum íslenskum háskólum sem og erlendum (9. gr). Þetta er mikilvægt til að tryggja sem besta nýtingu á aðstöðu og starfskrafti og til að efla gæði námsins enn frekar. Sem fulltrúi í samstarfsnefnd háskólastigsins hafði Hólaskóli tækifæri til að gera tillögur og athugasemdir við frumvarpið meðan það var í smíðum, en nefndin skilaði sameiginlegri skoðun sinni til menntamálaráðuneytis.

Varðandi einstakar frumvarpsgreinar viljum við koma eftirfarandi á framfæri:

2. gr.

Hér er hlutverk háskóla tíundað. Að okkar mati vantar hér skýrari tilvísun til hlutverks háskóla við **varðveislu þekkingar**. Þetta er atriði sem á mikið erindi núna á tímum mikillar tæknivæðingar náms og rannsókna og aukins samstarfs og tengsla skóla um allan heim. Til dæmis er háskóli eitt sterkasta afl okkar til að varðveita þekkingu á sögu okkar, menningu og gildum. Þannig má t.d. bæta við fyrstu setningu 2. gr. (skáletrað) og segja “Háskóli er sjálfstæð menntastofnun sem sinnir kennslu, rannsóknum, *varðveislu þekkingar*, þekkingarleit og sköpun

26. gr.

Til þess að tryggja samræmi og samfellu innan íslenska háskólastigsins er nauðsynlegt að til staðar sé sameiginlegur vettvangur allra íslenskra háskóla. Þessi skipan er við lýði skv. núverandi lögum um háskóla og engin ástæða til þess að breyta henni. Því er eðlilegt að rektorar allra íslenskra háskóla skipi samstarfsnefnd háskólastigsins óháð rekstrarformi eða stjórnskipulegri stöðu.

Lagt er til að fyrsti málslíður 26. gr. orðist svo: “Rektorar háskóla sem reknir eru í samræmi við fyrstu mgr. 3. gr. skipa sérstaka samstarfsnefnd háskólastigsins.”

Ákvæði til bráðabirgða.

Hólaskóli ásamt Landbúnaðarháskóla Íslands heyrir undir landbúnaðaráðuneytið; sbr. 3. gr. að háskóli geti verið stjórnskipunarlega undir öðru ráðuneyti en menntamálaráðuneyti. Þessir skólar lúta sérlögum um búnaðarfræðslu. Í þeim lögum er sérstök tilvísun sem tengir löggjöfina við núverandi lög um háskóla frá 1997 til að tryggja að samræmi sé í starfi og stjórnun milli háskóla landbúnaðarins og háskóla menntamálaráðuneytisins. Þannig kemur fram í 2. gr. laga um búnaðarfræðslu nr. 57 frá 1999 að “Landbúnaðarráðherra ber ábyrgð á að gæði menntunar sem menntastofnanir landbúnaðarins veita samkvæmt lögum þessum uppfylli þau skilyrði

sem gerð eru samkvæmt lögum nr. 136/1997 um háskóla....". Í bráðabirgðaákvæði í núverandi frumvarpi um háskóla er kveðið á um að "Endurskoða skal lög um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, innan tveggja ára frá gildistöku laga þessara til að samræma og auka samvinnu um gæðaeftirlit og námsframboð á háskólastigi." Hingað til hefur samræming milli laga um háskóla og laga um búnaðarfræðslu gengið prýðilega, t.d. taka Landbúnaðarháskóli Íslands og Hólaskóli formlegan og virkan þátt í samstarfsnefnd háskólastigins. Að sjálfsögðu er nauðsynlegt og eðlilegt að allir íslenskir háskólar lúti sambærilegum kröfum um gæði menntunar og rannsókna. Þess vegna er afar mikilvægt að við þessa lagasetningu og fyrirhugaða aðlögun laga um búnaðarfræðslu verði tryggð góð tengsl milli laganna, sérstaklega varðandi viðurkenningu og gæðakröfur, eins og verið hefur hingað til.

F.h. Hólaskóla
Skúli Skúlason

Alþingi
Erindi nr. P 132/1105
komudagur 1.3.2006



KENNARAHÁSKÓLI
ÍSLANDS

Reykjavík, 27. febrúar 2006
0602071 sk

Nefndarsvið Alþingis
Elísabet Rán Andrésdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um háskóla

Kennaraháskóla Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um háskóla, 433. mál, heildarlög.

Kennaraháskóli Íslands styður meginefni frumvarpsins og helstu nýmæli og gerir ekki athugasemdir við einstakar greinar þess.

Kennaraháskólinn telur það spor í rétta átt að Lög um háskóla taki jafnt til allra háskóla og að sérstök ákvæði um ríkisháskóla verði sett í sérlög um þá.

Kennaraháskólinn fagnar ákvæðum um formlega viðurkenningu háskóla, ákvæðum um samræmda viðmiðun um æðri menntun og prófgráður og ítarlegri ákvæðum um eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna en verið hafa í lögum til þessa.

Virðingarfyllst,

Svanhildur Kaaber
skrifstofustjóri, skrifstofu rektors

Stakkahlöð
105 Reykjavík
Sími: 563 3800
Símbref: 563 3833
www.khi.is



Landbúnaðarháskóli Íslands
Agricultural University of Iceland

Alþingi
Erindi nr. P 132/1098
komudagur 28.2.2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hvanneyri 24. febrúar 2006

Hér með fylgir umsögn Landbúnaðarháskóla Íslands um frumvarp til laga um háskóla, 433, heildarlög.

Virðingarfyllst

Agúst Sigurðsson
rektor

Umsögn um frumvarp um háskóla þskj. 654 – 433. mál

Til: Menntamálanefndar Alþingis
Frá: Landbúnaðarháskóla Íslands

24.2.2006

Landbúnaðarháskóli Íslands fagnar frumvarpi um háskóla. Það er mjög tímabært að endurnýja löggjöf um háskóla á Íslandi. Lög um háskóla frá 1997 voru mikilvæg og höfðu mikil áhrif á þróun háskólastarfs, en atburðarás í þessum málaflokki, héraendis og erlendis, er hröð og mikilvægt að löggjöfin fylgi þróuninni. Það sem er sérstaklega gott við frumvarpið er að skýrt er tekið á málum varðandi gæði háskólastarfs og tillit tekið til alþjóðlegra sjónarmiða. Þá er mikilvægt að háskólum er gefið enn meira svigrúm til að þróa starfsemi sína að því gefnu að þeir standist alþjóðlegar gæðakröfur. Við fögnum því sérstaklega að með frumvarpinu er skólum gefinn formlegur kostur á að byggja upp sameiginlegar námsleiðir og sameiginlegar gráður bæði með öðrum íslenskum háskólum sem og erlendum (9. gr). Þetta er mikilvægt til að tryggja sem besta nýtingu á aðstöðu og starfskrafti og til að efla gæði námsins enn frekar. Sem fulltrúi í samstarfsnefnd háskólastigsins hafði Landbúnaðarháskóli Íslands tækifæri til að gera tillögur og athugasemdir við frumvarpið meðan það var í smíðum, en nefndin skilaði sameiginlegri skoðun sinni til menntamálaráðuneytis.

Varðandi einstakar frumvarpsgreinar viljum við kom eftirfarandi á framfæri:

2. gr.

Hér er hlutverk háskóla tíundað. Að okkar mati vantar hér skýrari tilvísun til hlutverks háskóla við varðveislu þekkingar. Þetta er atriði sem á mikið erindi núna á tímum mikillar tæknivæðingar náms og rannsókna og aukins samstarfs og tengsla skóla um allan heim. Til dæmis er háskóli eitt sterkasta afl okkar til að varðveita þekkingu á sögu okkar, menningu og gildum. Þannig má t.d. bæta við fyrstu setningu 2. gr. (skáletrað) og segja “Háskóli er sjálfstæð menntastofnun sem sinnir kennslu, rannsóknum, varðveislu þekkingar, þekkingarleit og sköpun” o.s.frv.

26. gr.

Til þess að tryggja samræmi og samfellu innan íslenska háskólastigsins er nauðsynlegt að til staðar sé sameiginlegur vettvangur allra íslenskra háskóla. Þessi skipan er við lýði skv. núverandi lögum um háskóla og engin ástæða til þess að breyta henni. Því er eðlilegt að rektorar allra íslenskra háskóla skipi samstarfsnefnd háskólastigsins óháð rekstrarformi eða stjórnskipulegri stöðu.

Lagt er til að fyrsti málslíður 26. gr. orðist svo: “Rektorar háskóla sem reknir eru í samræmi við fyrstu mgr. 3. gr. skipa sérstaka samstarfsnefnd háskólastigsins.”

Ákvæði til bráðabirgða.

Landbúnaðarháskóla Íslands ásamt Hólaskóla heyra undir landbúnaðaráðuneytið; sbr. 3. gr. að háskóli geti verið stjórnskipunarlega undir öðru ráðuneyti en menntamálaráðuneyti. Þessir skólar lúta sérlögum um búnaðarfræðslu. Í þeim lögum er sérstök tilvísun sem tengir löggjöfina við núverandi lög um háskóla frá 1997 til að tryggja að samræmi sé í starfi og stjórnun milli háskóla landbúnaðarins og háskóla menntamálaráðuneytisins. Þannig kemur fram í 2. gr. laga um búnaðarfræðslu nr. 57 frá 1999 að “Landbúnaðarráðherra ber ábyrgð á að gæði menntunar sem menntastofnanir landbúnaðarins veita samkvæmt lögum þessum uppfylli þau skilyrði

sem gerð eru samkvæmt lögum nr. 136/1997 um háskóla...”. Í bráðabirgðaákvæði í núverandi frumvarpi um háskóla er kveðið á um að “Endurskoða skal lög um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, innan tveggja ára frá gildistöku laga þessara til að samræma og auka samvinnu um gæðaeftirlit og námsframboð á háskólastigi.” Hingað til hefur samræming milli laga um háskóla og laga um búnaðarfræðslu gengið þrýðilega, t.d. taka Landbúnaðarháskóli Íslands og Hólaskóli formlegan og virkan þátt í samstarfsnefnd háskólastigins. Að sjálfsögðu er nauðsynlegt og eðlilegt að allir íslenskir háskólar lúti sambærilegum kröfum um gæði menntunar og rannsókna. Þess vegna er afar mikilvægt að við þessa lagasetningu og fyrirhugaða aðlögun laga um búnaðarfræðslu verði tryggð góð tengsl milli laganna, sérstaklega varðandi viðurkenningu og gæðakröfur, eins og verið hefur hingað til.

F.h. Landbúnaðarháskóla Íslands
Ágúst Sigurðsson rektor

Menntamálanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1072
komudagur 27.2.2006

SÍMI/TEL: +354 552 4000
FAX: +354 562 3629
netfang/e-mail: lhi@lhi.is

Reykjavík 24. febrúar 2006

Erindi: Umsögn um frumvarp til laga um háskóla, 433. mál

Listaháskólinn hefur fengið til umsagnar frumvarp menntamálaráðherra til laga um háskóla. Það er skoðun skólans að með þessari lagasetningu náist þau almennu markmið sem að er stefnt, og með henni færast lagaumhverfið til þess raunveruleika sem við nú búum við án þess þó að svigrúm til áframhaldandi vaxtar og þróunar skerðist.

Skólinn gerir hér samt nokkrar athugasemdir við einstök ákvæði frumvarpsins sem hann telur að þurfi lagfæringa við. Þessar athugasemdir snúa að eftirtöldum atriðum:

- skilgreiningu á fræðasviðum, sbr. 3. gr.
- skilgreiningu á formlegum viðmiðum, sbr. 5. gr.
- heimild til undanþágu frá skilyrðum um einingafjölda, sbr. 7. gr.
- heimild til undanþágu frá skilyrðum um einingar til doktorsprófs, sbr. 7. gr.
- heimild til að meta til eininga nám frá skólum og stofnunum sem ekki eru viðurkenndir háskólar, sbr. 10. gr.
- skilyrði um að yfirstjórn háskóla beri heitið "háskólaráð," sbr. 15. gr.
- skilyrði um hæfi formanns dómnefndar sem metur hæfi kennara, sbr. 18. gr.
- skilyrði til umsækjenda um nám í háskóla um formleg próf úr framhaldsskóla, sbr. 19. gr.
- starfssvið Áfrýjunarnefndar í kærumálum háskólanema, sbr. 20. gr.

Af þessum atriðum eru þau alvarlegust sem lúta að heimildum til undanþágu frá þeim reglum sem frumvarpið sjálf setur (sbr. 7. gr. og 10. gr.). Skólinn telur þessar heimildir vera óþarfar og veikja grundvöllinn sem sjálf lagasetningin stendur á. Þá telur skólinn mikilvægt að herða á skilgreiningum á starfssviði Áfrýjunarnefndar í kærumálum háskólanema (20. gr.). Úrskurðir nefndarinnar sýna að hún skilgreinir hlutverk sitt með talsvert öðrum hætti en almennt er viðtekið í háskólasamfélaginu.

Athugasemdir:

1) við 3. gr., 4. m.gr.

Samkvæmt þessari grein er viðurkenning háskóla bundin við tiltekin fræðasvið. Í greinargerð frumvarpsins er vísað til þess að í þessu sé nauðsynlegt að byggja á alþjóðlegum skilgreiningum enda þurfi gildimörk viðurkenningarinnar að vera öllum ljós og þau halda merkingu sinni til lengri tíma. Sérstaklega er vísað til skilgreiningu OECD um ákveðna aðgreiningu fræðasviða og því lýst yfir að sú greining verði notuð hér á landi.

Listaháskólinn hefur kynnt sér skilgreiningar OECD og telur þær vera úreltar og ekki í takt við flokkun háskólanáms eins og það er víðast stundað í dag. Gagnvart listum kemur þetta kerfi sérstaklega illa út þar sem enginn yfirflokkur er fyrir listir og þær lenda í undirflokkum á hinum ýmsu fræðasviðum. Hér á Íslandi er hefð að telja undir einum flokki eftirfarandi greinar: ritlist, myndlist, hönnun, arkitektúr, kvikmyndalist, tónlist, leiklist, og dans. Algengast erlendis er að þessar greinar ásamt með fjölmiðlun séu settar undir einn og sama flokk ("arts and media"). Sjálfsagt er að fylgja þeirri flokkun hér.

2) við 5. gr.

Listaháskólinn vill vekja athygli á mikilvægi þess að við setningu á formlegum viðmiðunum um æðri menntun og prófgráður, sem verða sameiginleg fyrir allt háskólanám, verði tekið mið af þeim raunverulegu viðfangsefnum sem við er að fást á hinum ólíku sviðum menntunar. Viðfangsefni í listum og í ýmsu verk tengdu námi geta verið allt annars konar en þau sem við er að fást í meira bóktengdu námi, og því eru kröfurnar sem gerðar eru til námsmanna við námslok byggðar á allt öðrum skilgreiningum en gert er í bóknáminu. Hugtök eins og sköpun, leikni, færni, samhæfing, næmni, snerpa, gagnýni, áræðni, og miðlun, eru grundvallarhugtök í listum á meðan hugtök sem tengjast þekkingu og úrvinnslu hennar liggja til grundvallar mats á fræðilegri tegundum háskólanáms. Þá er mikilvægt að viðmiðin verði ekki það ósveigjanleg að þau þrengi að þróun námsins.

3) við 7. gr., 3. m.gr.

Listaháskólinn gerir alvarlega athugasemd við það ákvæði greinarinnar að ráðherra menntamála verði gefin heimild til að veita háskólum undanþágur frá skilyrðum um námseiningafjölda til prófa og prófgráða. Sú spurning vaknar hvers vegna er verið að setja ákvæði um fjölda námseininga til prófgráðu í lög ef svo ráðherra hefur heimild til að leyfa skólunum að fara þvert gegn þeim?

Í greinargerð er sú skýring gefin að mikilvægt sé að ráðherra sé veitt þessi heimild til að tryggja ákveðinn sveigjanleika vegna náms sem ekki fellur að því námseiningakerfi sem ætlunin sé að lögfesta, og í því sambandi vísað til þróunar sem hefur átt sér stað varðandi mat á svokallaðri "raunfærni." Af þessu er helst að skilja að ætlunin sé að hafa opna möguleika til þess að fólk fái metið til

námseininga innan háskóla einhverja þá reynslu eða færni sem það hefur áður sýnt á öðrum vettvangi.

Listaháskólinn telur afar mikilvægt að ekki verði gefinn minnsti möguleiki á að draga í efa gildi námseininga sem skólar veita. Af hendi löggjafans og háskólaumhverfisins í heild þarf að vera skýrt fyrir hvað einingarnar standa og hvað í þeim felst. Með tilviksbundnum heimildum til að skilgreina námseiningar með einhverjum allt öðrum hætti, t.d. með tilliti til starfsreynslu eða frammistöðu á einhverjum öðrum vettvangi, er hins vegar stefnt í þveröfuga átt. Ein undanþága leiðir til annarrar og fyrr en varir verðu sviðið galopnað og námseiningin sem einhvers konar verðmæti missir gildi sitt.

Varðandi nám sem felur í sér starfsþjálfun hjá öðrum aðila á meðan á námi stendur vill Listaháskólinn benda á að það er auðvelt að fella slíkt nám í kennsluskra sem hluta af hefðbundnu námskeiði. Starfsþjálfunin lýtur þá mati og eftirliti kennara viðkomandi skóla þótt vinna nemandans farið fram annars staðar. Í Listaháskólanum er slík tilviksbundin og tímabundin starfsþjálfun sjálfsgæður hluti af starfsemi skólans og hefur aukið þá fjölbreytni náms sem þar er að fá.

4) við 7. gr., 5. m.gr.

Í ákvæði þessarar málsgreinar, eins og er einnig í ákvæði 3. m.gr., er ráðherra veitt heimild til að veita háskólum undanþágur til að víkja frá meginskilyrðum lagagreinarinnar. Í þessu tilfelli er um að ræða æðstu menntagráðuna, doktorsgráðuna. Í skýringu í greinargerð er vísað til sömu sömu skýringa og gefnar eru fyrir heimild til frávika um fjölda námseininga almennt og þar ekkert tekið fram sem réttlætir þessa heimild sérstaklega.

Ýmsar spurningar vakna um hvers vegna ráðherra ætti að hafa heimild til þess að veita skólum heimildir til að víkja frá kröfum um að byggt sé á stöðluðum einingum við veitingu doktorsgráðu. Er verið að vísa til þess að kandidatar geti komið með ritverk eða einhverjar ransóknarniðurstöður og fengið þær viðurkenndar sem framlag til doktorsgráðu án þess þó að viðkomandi hafi að baki það formlega nám sem meginreglan setur? Eða er verið að opna fyrir möguleika á því að háskóli geti veitt einstaklingi doktorsgráðu á grundvelli starfsreynslu eða sérstakra afreka á ákveðnu sviði? Eða er verið að opna háskólum heimildir til að veita heiðursdoktorsnafnbætur?

5) við 10. gr.

Listaháskólinn telur mikilvægt að skólum sé gefið svigrúm til að meta til eininga nám sem fram fer í öðrum háskólum. Þetta fjölgar tækifærum nemenda til að afla sér fjölbreytts náms og færa sig á milli háskóla. Í þessu er mikilvægt að skólarnir geti treyst á gildi eininganna og að þær standi fyrir þau gæði sem háskóla-umhverfið setur.

Hitt er svo að með því að veita háskólum opna heimild til að meta til eininga nám sem fer fram við aðra skóla en háskóla og við stofnanir sem ekki eru

háskólastofnanir er verið að skapa möguleika til frávika sem gætu þegar til lengri tíma er litið grafið undan gæðum háskólanáms og þeim trúverðugleika sem slíkt nám verður að hafa. Til þess er reyndar vísað í lagagreininni að háskólarnir sjálfir ábyrgist að námið sem metið er uppfylli sambærilegar gæða- og námskröfur og gerðar eru til háskólanáms, en það má augljóst vera að freistandi getur verið fyrir háskóla að leysa ýmis sin vandkvæði með úthýsingu náms til annarra stofnana og þá um leið fella niður ýmis þau skilyrði til umhverfis og gæða sem þær annars þyrftu að uppfylla.

Það er skoðun Listaháskólans að ef af einhverjum ástæðum þarf að hafa opna heimild til að handa háskólum til að meta til eininga nám úr skólum eða stofnunum sem ekki eru háskólar eigi samtímis í lögunum að tilgreina við hvaða skóla eða stofnanir er átt. Í þessu tilfalli má helst ímynda sér að sé verið að vísa til stofnunar háskólasetra á landsbyggðinni sem einmitt er ætlað að starfa í nánú samstarfi við háskólana og veita nám í samstarfi við þá. Hins vegar er algjörlega óljóst til hvaða annarra skóla eða stofnana er verið að vísa, og gefa skýringar í greinargerð þar engar vísbendingar um.

Almennt vill Listaháskólinn benda á að menntayfirvöld og háskólarnir bera sameiginlega ábyrgð gagnvart því að námseiningar héðan séu virtar jafngildar námseiningum í erlendum skólum, og að baki náminu sem gefi einingarnar standi alvöru háskólastofnanir. Í þessu eiga háskólarnir og íslenska þjóðin í heild mikilla hagsmuna að gæta. Það eitt að íslenskum háskólum sé gefin heimild til að úthýsa verkefnum sínum til minna gildra skóla eða stofnana gefur tilefni til gagnrýni sem erfitt getur verið að hrinda. Listaháskólinn telur óþarft og rangt að taka slíka áhættu.

6) við 15. gr., 1. m.gr.

Listaháskólinn bendir á að við skilgreiningu á yfirstjórn háskóla hefur ýmist verið notað heitið "háskólaráð" eða "stjórn." Stjórn sjálfseignarháskóla eins og Listaháskólans er fyrst og fremst rekstrarstjórn en ekki fagstjórn. Fagstjórn heyrir hins vegar undir yfirstjórn og er falin akademískum starfsmönnum ásamt með rektor. Hún er þannig frekar igildi háskólaráðs en eiginlegrar rekstrarstjórnar.

Með því að skylda háskóla til að nefna yfirstjórn skólans "háskólaráð" er í raun verið ýta undir þá ímynd að hlutverk hennar sé frekar að stjórna akademískum málefnum en að fara með almennan rekstur og fjármálastjórn. Til þess að endurspegla hitt rétta eðli yfirstjórnar telur Listaháskólinn eðlilegt að skólunum sjálfum verði það í sjálfsvald sett hvort þeir skilgreina yfirstjórnina með skírskotun til rekstrar eða akademískra málefna.

7) við 18. gr., 2. m.gr.

Listaháskólinn leggur til að felld verði út ákvæði sem kveður sérstaklega á um hæfi formanns dómnefndar til að meta hæfi akademískra starfsmanna. Það er vandséð af hverju þurfi að gera greinarmun á nefndarmönnum í þessu tilliti, og er

skólunum að fullu treystandi fyrir því að velja til forystu í dómnefndir fólk sem nýtur trausts og virðingar á sínu sviði.

8) við 19. gr.

Listaháskólinn telur mikilvægt að nemendur verði metnir hæfir til inngöngu í háskóla á grundvelli getu sinnar og hæfni á því sviði sem þeir sækja um. Stúdentspróf er ekki einhlítur mælikvarði sem skólar eins og Listaháskólinn getur miðað við í þessum málum.

Umsækjendur um nám í Listaháskólanum eru fyrst og fremst metnir á grundvelli innsendra gagna ("möppu" með sýnishornum af verkum umsækjenda og annarri vinnu) og/eða á grundvelli sérstakra inntökuprófa, s.s. í hljóðfæraleik, dansi, og til leikaranáms. Bóknámsmenntun (stúdentspróf) vikur þar í forgangs röðuninni. Sérstakar inntökunefndir meta allar umsóknir og meðfylgjandi gögn.

Listaháskólinn telur að í lýsingu á skilyrðum fyrir inngöngu í háskólanám sé um of einblint á gildi stúdentsprófs. Stúdentspróf getur vissulega verið markverður mælikvarði á ýmsar tegundir menntunar, en ekki þó allar. Sérstaklega eru þar útundan listir og ýmsar verklegar greinar. Fyrir listnemendur er mikilvægt að þessi takmörkun á gildi stúdentsprófs verði viðurkennd þannig að ekki þurfi að beita undanþáguákvæði um inntöku nemenda oftar en góðu hófi gegnir. Skólinn leggur til breytingu á þessari grein sem er samhljóða tillögu sem samþykkt hefur verið í samstarfsnefnd háskólastigsins (10.10.05).

"Inntökuskilyrði í nám á háskólastigi skulu jafnan svara til þess sem krafist er til inngöngu í sambærilegt nám við viðurkennda háskóla erlendis. Almennt inntökuskilyrði er stúdentspróf eða jafngilt próf.

Háskóli getur ákveðið sérstök inntökuskilyrði, þar á meðal að láta umsækjendur gangast undir mat, inntöku- eða stöðupróf. Getur slíkt mat bæði komið í stað kröfu um stúdentspróf eða verið henni til viðbótar. Háskóla er jafnframt heimilt að skilyrða inntöku við það að umsækjandi ljúki sérstöku aðfararnámi og bjóða upp á slíkt nám að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis.

Háskóla er heimilt að vika frá skilyrði um stúdentspróf ef umsækjandi býr að mati viðkomandi háskóla yfir nægjanlegum þroska, þekkingu, hæfni og reynslu til að stunda nám á háskólastigi."

9) við 20. gr.

Listaháskólinn telur mikilvægt að störf Áfrýjunarnefndar í kærumálum háskólanema verði óumdeilanleg og ekki leiki neinn vafi á um hlutverk hennar og starfssvið.

Í nýjasta úrskurði nefndarinnar, þar sem Listaháskóli Íslands átti aðild að máli, skilgreinir nefndin starfssvið sitt með þeim hætti að óásættanlegt er fyrir háskólasamfélagið. Þar kemur fram að nefndin telur að upptalningin í 1. mgr. 1. gr. reglna nr 73/1999 um þau atriði sem falla undir verk svið nefndarinnar geymi ekki tæmandi talningu heldur sé þeirra fremur getið til skýringar.

Eftir sömu röksemd mun nefndin væntanlega álykta sem svo, að sú upptalning á málum sem henni er ætlað að úrskurða um og talin eru upp í málsliðum a) til d) í fyrirbyggjandi frumvarpi séu frekar dæmi um mál sem nefndin getur úrskurðað um en að hún eigi að takmarka sig við einmitt þau. Til þess að fyrirbyggja þetta þarf að taka af öll tvímæli um að upptalningin í lagatextanum sé tæmandi og endanleg.

Til umhugsunar: Fyrirliggjandi frumvarp getur tilefni til umhugsunar um hvort í framtíðinni þurfi að lögvernda heitið “háskóli” með sama hætti og t.d. heiti annarra stofnana er lögverndað, s.s. heitið “banki” sbr. 12. gr. laga um fjármálafyrirtækin nr. 161/2002. Háskólar bera vaxandi ábyrgð gagnvart samfélaginu og almenningur þarf að geta treyst því að þær stofnanir sem kenna sig með þessum hætti séu raunverulegar og hafi gildingu sem slíkar. Því má varpa fram hvort t.d. stofnanir sem ekki hafa “starfsleyfi” eða “viðurkenningu” frá menntayfirvöldum (innlendum eða erlendum) geti auglýst starfsemi sína undir heitinu “háskóli” og þannig lokkað að starfsmenn og nemendur sem gera ekki greinarmun á því hvort stofnunin hafi opinbera viðurkenningu eða ekki? Einnig hvort megi vænta þess að þegar í raun hvaða stofnun sem er getur kallað sig “háskóli” að á endanum felist lítið gildi í því að bera þetta heiti. Má í því sambandi t.d. vísa í heitið “akademía,” sem núorðið felur frekar í sér hégóma en tilvísun í metnaðarfulla og framúrskarandi starfsemi.

Að lokum vil ég fyrir hönd Listaháskóla Íslands fagna framkomu þessa frumvarps sem felur í sér mikilsverðar breytingar til framfara fyrir háskólaumhverfið í heild. Um leið vil ég láta í ljós eindregna ósk um tekið verði tillit til ábendinga sem hér hafa komið fram og þeir agnunar sniðnir af sem augljóslega vinna gegn meginmarkmiðum lagasetningarinnar. Listaháskólinn er að sjálfsögðu reiðubúinn til viðræðna við menntamálnefnd, hvort sem er um þau einstöku atriði sem hér eru gerðar athugasemdir við eða um málefnið í heild.

Virðingarfyllst


Hjálmar H. Ragnarsson

rektor



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Menntamálanefnd
Austustræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. febrúar 2006

Efni: Frumvarp til laga um háskóla, 433. mál

Frumvarpið tekur til skóla sem veita æðri menntun er leiðir til prófgráðu á háskólastigi og hlotið hafa viðurkenningu menntamálaráðuneytis. Helsta markmið frumvarpsins er skv. athugasemdum að setja almennan lagaramma um starfsemi háskóla sem tekur mið af hinni öru þróun á háskólastiginu hér á landi og erlendis undanfarin ár. Samfara henni sé mikilvægt að leggja aukna áherslu á gæðaeftirlit með háskólum og samræmingu prófgráðna til að tryggja aukinn hreyfanleika nemenda sem og aukna möguleika til samstarfs háskóla hér á landi og erlendis. Með því sé einnig skotið frekari stoðum undir gagnkvæma viðurkenningu náms. Um leið er frumvarpinu ætlað að tryggja áfram sveigjanleika í skipulagi háskóla þar sem svigrúm og sjálfstæði þeirra er í fyrirrúmi. Samtök atvinnulífsins lýsa fullum stuðningi við öll þessi markmið og almennri ánægju með frumvarpið.

Raunfærnimat og innritun í háskóla

Hér skal sérstaklega vikið að 19. grein en skv. henni skulu nemendur sem hefja háskólanám hafa lokið stúdentsprófi eða jafngildu prófi. Þá sé háskólum heimilt að innrita nemendur sem „búa yfir jafngildum þroska og þekkingu að mati viðkomandi háskóla.“ Á vettvangi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) fer nú fram vinna að undirbúningi svokallaðs raunfærnimats fyrir fólk sem ekki hefur lokið framhaldsskóla. Gert er ráð fyrir að framkvæmd raunfærnimats hefjist á árinu 2007 og verði komin á fullt skrið frá og með árinu 2008, í krafti þjónustusamnings FA við menntamálaráðuneytið. Hér skal á það bent að hugsanlega væri við hæfi að gera háskólum að taka mið af slíku mati þegar ákörðun er tekin um innritun nemenda sem ekki hafa lokið stúdentsprófi eða jafngildu prófi. Væri slíkt ákvæði í anda 5. greinar frumvarpsins, þar sem kveðið er á um formleg viðmið um æðri menntun og prófgráður.

Þá segir í 19. grein að háskólum sé heimilt, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis, að bjóða upp á aðfararnám fyrir einstaklinga sem ekki uppfylla inntökuskilyrði í háskóla. Samtök atvinnulífsins leggja áherslu á mikilvægi þessa ákvæðis, en slíkt fyrirkomulag hefur gefið góða raun við Viðskiptaháskólann á Bifröst og við Háskólann í Reykjavík (og áður Tækniháskóla Íslands). Þessi leið inn í háskóla hefur t.d. gjarnan verið farin af iðnmenntuðu fólki og í atvinnulífinu hefur verið mikil eftirspurn eftir t.d. tæknimenntuðu fólki með slíkan bakgrunn. Fyrirnefnt raunfærnimat gæti átt við um inngöngu í slíkt aðfararnám, en ætti tæpast við um inngöngu í umrætt háskólanám að lokun aðfararnámi.

Fjármögnun

Hvað ákvæði um fjármál varðar er hér sérsakri ánægju lýst með þau ákvæði 21. greinar sem gera háskólum að aðskilja fjármögnun sí- og endurmenntunar frá annari starfsemi sem ríkið fjármagnar, enda óeðlilegt að aðrir skólar sem starfa án fjárhagslegs atbeina hins opinbera



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

þurfi að keppa við ríkisfjármagnaða háskóla. Hvað varðar framkvæmd 22. greinar, þar sem menntamálaráðherra er ætlað að setja reglur um fjárframlög til háskóla, mælast Samtök atvinnulífsins til þess að við það verði miðað að fjármunir til kennslu miðist einfaldlega við eftirspurn af hálfu nemenda. Fjármagnið elti þannig nemendur, en sé ekki ráðstafað til einstakra skóla eða deilda óháð eftirspurn af hálfu nemenda. Loks kemur fram í frumvarpinu að kveðið skuli á um gjaldtökuheimildir í ríkisháskólum í sérlægum. Samtök atvinnulífsins ítreka þá afstöðu sína að eðlilegt hljóti að teljast að ríkisháskólum verði gert kleift að innheimta skólagjöld fyrir aukna þjónustu. Um það skal að þessu sinni látið nægja að rifja upp að það getur kostað einstakling (gjarnan með litla formlega menntun) allt að 300 þúsund krónum að taka meirapróf til aukinna ökuréttinda, á meðan heilt ár í ríkisháskóla – t.d. í því skyni að bæta við sig annarri meistaragráðu - kostar 45 þúsund krónur. Þetta er ekki eðlilegur aðstöðumunur.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason
forstöðumaður stefnumótunar- og samskiptasviðs



Alþingi
Erindi nr. P 132/1679
komudagur 21.4. 2006 Tækninefnd
Vísinda- og tækniráðs

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík 21. apríl 2006

Efni: Frumvarp til laga um háskóla, 433. mál.

Tækninefnd Vísinda- og tækniráðs barst til umsagnar frá Menntamálanefnd Alþingis frumvarp til laga um háskóla. Umsögn nefndarinnar fer hér á eftir:

Tækninefnd tók frumvarpið fyrir á fundum sínum 14. febrúar og 18. apríl 2006. Lýst er stuðningi við meginefni frumvarpsins, þ.e. ein rammalög um háskólastigið, jafnt fyrir ríkisháskóla sem aðra, með upptöku samevrópskra reglna sem kenndar eru við Bolognaferlið, og með sérstakri áherslu á gæðamál og eflingu rannsóknastarfsemi.

Á fundinum þann 14. febrúar komu fram ýmsar ábendingar, m.a. að taka þarf tillit til víðara verkefnasviðs háskóla, þannig að einnig verði tryggð staða starfsmenntaháskóla á frumáföngum háskólastigsins og háskóla með áherslu á stjórnsýslustörf, mannvirkjagerð, listir o.s.frv. Fram kom m.a. ábending um að frumvarpið og greinargerðin lýsa mjög þröngum skilningi á evrópska námseiningakerfinu (ECTS) og miða aðeins við hefðbundið reglulegt skólaár, og ekki er gert ráð fyrir skyldu stjórnvalda til að jafngilda önnur námskerfi sem viðurkennd eru víða um lönd. Loks er ekki í frumvarpinu sjálfu gert ráð fyrir vottun um raunfærni (validering av realkompetanse) en þetta er mikilvægur og viðurkenndur þáttur í þróun skólamála og háskólamála í öllum nágrannalöndum okkar um þessar mundir og Íslendingar hafa tekið þátt í samstarfi um vottun um raunfærni. Mikilvægt er að vottun um raunfærni fái lagalega stöð, einnig til þess að tryggilega verði staðið að gæðamálum og eftirliti í því efni.

Virðingarfyllst
f.h. tækninefndar.


Guðrún Þorleifsdóttir
ritari

Alþingi
Erindi nr. P 132/1375
komudagur 20. 3. 2006

Vísindanefnd
Vísinda- og tækniráðs

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

16. mars 2006


Efni: Frumvarp til laga um háskóla, 433. mál.

Vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs barst til umsagnar frá Menntamálanefnd Alþingis frumvarp til laga um háskóla. Umsögn nefndarinnar fer hér á eftir.

Vísinda- og tækniráð hefur frá stofnun árið 2003 lagt áherslu á eflingu háskóla sem rannsóknastofnana og í ályktunum ráðsins hefur það verið áréttað að liður í því séu skýrari kröfur um innihald og gæði námsbrauta og prófgráða, svo sem framkomið frumvarp felur meðal annars í sér.

Vísindanefnd styður lögfestingu frumvarpsins enda vann nefndin með menntamálaráðuneyti að undirbúningi þess og telur að sjónarmið hennar hafi komið fram.

Virðingarfyllst,


Edda Lilja Sveinsdóttir
ritari